

1. Þingsetning

Guðmundur Ágúst Ingvarsson formaður Handknattleikssambands Íslands, setti 48. ársþing HSÍ og bauð þingfulltrúa velkomna til þings. Að svo búnu var gengið til dagskrár.

2. Kosning kjörbréfanefndar

Guðmundur Ágúst lagði fram tillögur um eftirtalda fulltrúa í kjörbréfanefnd:

Guðmundur Erlendsson
Guðmundur Skúli Stefánsson
Þorbjörg Gunnarsdóttir

Tillaga var samþykkt án mótframboða. Formaður lýsti því nefndina réttkjörna og bað nefndarmenn um að hefja störf.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Guðmundur Ágúst lagði fram tillögur um **Kjartan Steinbach** sem þingforseta og **Ásgerði Halldórsdóttur** og **Sigurjón Pétursson** sem varaþingforseta. Tillaga var samþykkt án mótframboða.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Borin var upp tillaga um **Katrínu Mixa** sem þingritara og **Þorbjörgu Gunnarsdóttur** sem varaþingritara. Tillagan var samþykkt samhljóða. Þingritarar tóku til starfa. Guðmundur bað því næst settan þingforseta um að taka við stjórn þingsins.

5. Þinggerð síðasta ársþings lögð fram

Settur þingforseti lagði þinggerð síðasta ársþings formlega fram. Engar fyrirspurnir eða viðbætur bárust um þinggerð síðasta þings og var hún þ.a.l. samþykkt.

6. Kosning þingnefnda

Í Fjárhagsnefnd voru kosnir
Alf Pedersen
Ásgerður Halldórsdóttir
Eiður Arnarsson

Í **Laga- og reglunefnd** voru kosnir
Bergþóra Sigmundsdóttir
Hannes Karlsson
Örn Franzson

Í **Allsherjarnefnd** voru kosnir
Hákon Sigurjónsson
Jón Jörundsson
Már Svavarsson

Settur þingforseti lýsti nefndirnar réttkjörnar og bað þær um að taka til starfa þegar þar að kæmi.

7. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Skýrslu stjórnar flutti Guðmundur Á. Ingvarsson formaður HSÍ. Hann benti á að skýrslan lægi frammi í möppum og ætlaði hann ekki að eyða miklum tíma í að fara í hana orð fyrir orð.

Hann þakkaði starfsfólki skrifstofu HSÍ undir forystu Einars Þorvarðarsonar fyrir vel unnin störf.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ.

47. Ársþing HSÍ var haldið í Álfafelli við Strandgötu 26.mars. 2004. Fyrir þinginu lágu margar tillögur til breytinga á lögum og reglugerðum sambandsins. Góð mæting var á þingið og stóð það í 1 dag. Á þinginu var stjórnin endurkjörin. Inn í varastjórn kom Erlingur Kristjánsson.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 28 bókaðan fund og þar að auki marga síma fundi og spjall á netinu. Fyrir þetta þing voru haldnir tveir fundir með formönnum aðildarfélaganna annar í hinu nýja félagsheimili HK og hinn í fundaraðstöðu ÍSÍ í Laugardal. Snérust báðir þessir fundir um mótakerfið í efstu deild karla. Skipuð var nefnd eftir síðari fundinn sem ætti að koma með tillögu að breyttu mótafyrirkomulagi fyrir 48. Ársþing HSÍ.

Rekstrarárið 2004 hefur verið dýrt þar sem að árið hefur verið eitt það viðamesta í rekstri sambandsins. Tóku landslið HSÍ þátt í 5 stórmótum. 4 Evrópumótum, World cup og Ólympíuleikum. Rekstur sambandsins er viðráðanlegur en árið 2004 var dýrt ár vegna allra þeirra verkefna sem að landsliðin unnu sér rétt til að taka þátt og þurfti að halda vel á spilunum til þess að kostnaðurinn færi ekki úr böndum. Nýr samstarfsaðili kom að deildarkeppninni á keppnistímabilinu og ber deildarkeppnin nafn þessa samstarfsaðila DHL deildin. Remax gat ekki staðið við áframhaldandi samning þar sem að tvö af þeim

sex fyrirtækjum sem að stóðu á bak við samningin lentu í rekstrarerfiðleikum og tapaði sambandið hluta af áætluðum tekjum vegna þessa. Öflun nýrra samstarfs,- og styrktaraðila er mikilvægur og hefur HSÍ t.d. haft Flugleiðir sem samstarfsaðila í rúm 25 ár. Afreksmannasjóður úthlutaði myndarlegum styrkjum til karlalandsliðsins á Ólympíuárinu. Þrátt fyrir mikil verkefni á árinu 2004 var íþróttalegur árangur undir væntingum að mati stjórnar HSÍ og þegar slíkt gerist verður reksturinn þyngri þar sem erfiðara er að fá samstarfsaðila til liðs við sambandið.

ÍSLANDSMÓT.

Þetta keppnistímabil hefur verið mjög spennandi og er þetta annað árið sem leikið er eftir þessu nýja fyrirkomulagi. Fyrirkomulagið hefur fengið mjög neikvæða umfjöllun hjá sumum fjölmiðlum og forsvarsmönnum sumra félaga. Fyrir þessu þingi liggur ein tillaga um mótafyrirkomulagið næsta vetur og er hún sett upp með það fyrir augum að búa til tvær deildir keppnistímabilið 2006 – 2007. Bikarmeistarar í karla flokki urðu ÍR og Stjarnan í kvennaflokki. Á Íslandsmótinu vann lið Hauka eftir 3 úrslitaleiki við Val. Í RE/MAX deild kvenna léku ÍBV og Valur til úrslita og þurfti fjóra leiki til þess að knýja fram úrslit þar sem að ÍBV stúlkur sigruðu. Ný tillaga liggur fyrir þessu þingi varðandi mótafyrirkomulag í efst deild karla og það verður hlutverk þessa þings að ákvarða hvað muni best henta í mótafyrirkomulaginu á næsta keppnistímabili. Mikil umræða á sér stað innan félaga og áhorfenda um umgjörð leikja og markaðsetningu íþróttarinnar. Þegar að það er skoðað þá kemur í ljós að samkeppnin sem íslenskur handbolti á við að etja er ekki eingöngu við aðrar vetrariþróttir á Íslandi heldur er samkeppnin mest frá erlendri knattspyrnu sem hefur aldrei áður haft eins mikla umfjöllun í fjölmiðlum en þennan veturinn.

YNGRI FLOKKAR.

Á síðasta þingi voru samþykktar margar tillögur til breytinga á keppni í yngri flokkunum. Sumar þeirra hafa reynst lyftistöng fyrir þessa flokka, en aðrar hafa reynst þyngri í framkvæmd. Ágreiningur er á milli landsbyggðarliðanna og liðanna á stór-Reykjavíkursvæðinu um hvaða keppnisfyrirkomulag henti best. Að sjálfsögðu snýst þetta um þann kostnað landsbyggðarliðanna að taka þátt í Íslandsmóti. Nú hefur legið fyrir Alþingi tillaga um ferðajöfnunarsjóð s.l tvö ár en virðist ekkert vera að gerast í því máli og hafa allir stjórn málaflokkar staðið að baki þessarar tillögu en eitthvað hefur hún staðið í Alþingismönnum. Mikil gróska er í starfi yngri flokka hjá flestum félögum og vel unnið í þeim málum. Kennaraverkfallið hafði nokkur áhrif á iðkendamálur í yngstu flokkum þar sem að skólar eru mikilvægur vettvangur til kynningar fyrir íþróttafélögin. 48. Ársþing HSÍ þarf að setja á laggirnar milliþinganefnd sem fer yfir og skoðar hvort handknattleikshreyfingin eigi að breyta aldurskiptingu í yngstu flokkum í eitt ár eins og t.d er gert í körfuknattleiknum.

LANDSLIÐIN.

Í júní lék karlalandsliðið við Ítali tvo leiki um réttinn til þátttöku á HM í Túnis og unnust þeir leikir nokkuð örugglega. Síðan hófst undirbúningur fyrir Ólympíuleikana í Aþenu 25 júní þannig að karlalandsliðið var saman meira og minna allt sumarið. Ólympíuleikarnir gengu ekki nógu vel og lenti liðið í 9.sæti og var markvarsla og varnarleikur það sem að varð liðinu að falli. Eftir Ólympíuleikana sagði Guðmundur Guðmundsson starfi sínu

lausu og vill stjórn HSÍ nota tækifærið þakka honum fyrir vel unnin störf. Við landsliðsþjálfarastarfinu tók Viggó Sigurðsson og var hans fyrsta verkefni World Cup í Svíþjóð þar sem að liðið hafnaði í 5. sæti. Heimsmeistarakeppninni í Túnis fór fram í janúar 2005 og lenti liðið í 15. sæti þar. Mikið uppbyggingarstarf er framundan og hefur leikmannahópur landsliðsins yngst mikið frá því á Ólympíuleikum. Framundan er viðureign við Hvít - Rússa í júní mánuði um farseðilinn á EM í Sviss sem fram fer í Janúar 2006.

Verkefni kvennalandsliðsins eru að aukast jafnt og þétt og tók liðið þátt í undankeppni HM í haust og fór mótið fram í Pólandi en liðið komst ekki áfram. Í maí koma Hollendingar og leika þrjá leiki við kvennalandsliðið hér heima og er verið að útvega fleiri leiki fyrir forkeppni EM sem fram fer í nóvember n.k.

20 ára landslið pilta vann sér rétt í úrslitum Evrópumótsins sem fram fór í Lettlandi í ágúst s.l og hafnaði liðið í 12.sæti. Í liðið vantaði Ásgeir Örn Hallgrímsson en hann var í Ólympíuliðinu. Árið 2003 varð þetta lið Evrópumeistari þá sem 18 ára lið og var að verja þann titil.

19. ára landslið stúlkna vann sér rétt í úrslitum EM sem að fram fór í Tékklandi í ágúst 2004. Lenti liðið í 15 sæti. Forkeppnin fyrir þetta mót var haldið á Seltjarnarnesi og varð Íslenska liði í 2. sæti. í riðlinum og fékk farseðilinn í úrslitin

18 ára landslið drengja vann sér rétt til að leika í úrslitum EM sem fram fór í Júlí 2004 í Serbíu og hafnaði liðið 12 sæti.

17 ára landslið stúlkna fór í keppnisferð til Prag og tók þátt í alþjóðlegu móti um páskana. Var farið með tvö lið í þetta mót.

FRÆÐSLA- OG ÚTBREIÐSLA.

Haldið var skólamót í handknattleik í samstarfi við 10/11 og ÍBR í Reykjavík tókst ekki að koma mótinu á aðra staði en er verið að vinna að því að setja það í gang á Akureyri, Kópavogi og Hafnarfirði. Handboltaskóli HSÍ og KB banka var starfræktur í byrjun júní og er það orðin árviss viðburður í tengslum við landsleiki.

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, en það eru Visa, Vífilfell, Flugleiðir, KB-banki, RÚV, KJ. Kjartansson, 10-11, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Sláturfélag Suðurlands, Fönn, Lyfja, Morgunblaðið, prentsmiðjan Oddi, Samskip, DHL, Lengjan og Margt smátt. Án samstarfs við þessa aðila værum við lítils megnug.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt, ásamt Róbert Gíslasyni og sem séð hefur um skipulagningu móta ásamt öðrum störfum. Þorbjörg Gunnarsdóttir hefur séð um skráningu leikskýrslna og dómara kvittanna í sjálfboðavinnu. Stöðugildi eru því tvö um áramót 2004/2005.

Formaður HSÍ
Guðmundur Ágúst Ingvarsson

Landsliðsnefnd karla.

Landsliðsnefndin var skipuð eftirfarandi mönnum síðastliðið starfsár:

Jóhann Ingi Gunnarsson, formaður
Friðrik Guðmundsson
Eyþór Guðjónsson
Jens Einarsson
Ásgeir Jónsson
Lárus Guðmundsson

Hér á eftir fylgja úrslit þeirra leikja sem A-landslið karla, 20 ára landslið pilta og 18, ára landslið drengja tóku þátt í á árinu 2004.

Landsleikir á vegum Handknattleikssambands Íslands 2004

Karlar

A-landslið Karla

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
9.1.2004	ÍSLAND - Sviss	25-32	Vináttulandsleikir fyrir EM
10.1.2004	ÍSLAND - Sviss	26-22	Vináttulandsleikir fyrir EM
11.1.2004	ÍSLAND - Sviss	31-22	Vináttulandsleikir fyrir EM
15.1.2004	ÍSLAND - Danmörk	33-28	4-landa mót
16.1.2004	ÍSLAND - Svíþjóð	28-29	4-landa mót
17.1.2004	ÍSLAND - Egyptaland	29-27	4-landa mót
22.1.2004	ÍSLAND - Slóvenía	28-34	EM í Slóveníu
23.1.2004	ÍSLAND - Ungverjaland	29-32	EM í Slóveníu
25.1.2004	ÍSLAND - Tékkland	30-30	EM í Slóveníu
29.3.2004	ÍSLAND - Frakkland	21-27	Vináttulandsleikir
31.3.2004	ÍSLAND - Frakkland	24-29	Vináttulandsleikir
21.5.2004	ÍSLAND - Túnis	30-28	Flanders Cup í Belgíu
22.5.2004	ÍSLAND - Serbía og Sv.	35-31	Flanders Cup í Belgíu
23.5.2004	ÍSLAND - Danmörk	25-36	Flanders Cup í Belgíu

25.5.2004	ÍSLAND -	Austurríki	27-26	Vináttulandsleikir
26.5.2004	ÍSLAND -	Grikkland	23-25	Vináttulandsleikir
29.5.2004	ÍSLAND -	Ítalía	37-31	Undankeppni HM
6.1.2004	ÍSLAND -	Ítalía	37-25	Undankeppni HM
16.7.2004	ÍSLAND -	Ungverjaland	20-30	Vináttulandsleikir fyrir ÓL
18.7.2004	ÍSLAND -	Ungverjaland	28-32	Vináttulandsleikir fyrir ÓL
31.7.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	27-27	Vináttulandsleikir fyrir ÓL
1.8.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	25-23	Vináttulandsleikir fyrir ÓL
14.8.2004	ÍSLAND -	Króatía	30-34	ÓL í Aþenu
16.8.2004	ÍSLAND -	Spánn	23-31	ÓL í Aþenu
18.8.2004	ÍSLAND -	Slóvenía	30-25	ÓL í Aþenu
20.8.2004	ÍSLAND -	Suður - Kórea	30-34	ÓL í Aþenu
22.8.2004	ÍSLAND -	Rússland	30-34	ÓL í Aþenu
24.8.2004	ÍSLAND -	Brasilía	29-25	ÓL í Aþenu
16.11.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	28-29	World Cup í Svíþjóð
17.11.2004	ÍSLAND -	Frakkaland	29-38	World Cup í Svíþjóð
18.11.2004	ÍSLAND -	Ungverjaland	33-29	World Cup í Svíþjóð
20.11.2004	ÍSLAND	Króatía	31-30	World Cup í Svíþjóð
21.11.2004	ÍSLAND	Slóvenía	39-34	World Cup í Svíþjóð

Samtals 33 leikir

20 ára landslið pílta

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni	
30.6.2004	ÍSLAND -	Noregur	32-24	Swedish Trophy
1.7.2004	ÍSLAND -	Svíþjóð	31-28	Swedish Trophy
1.7.2004	ÍSLAND -	Egyptaland	24-27	Swedish Trophy
2.7.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	33-23	Swedish Trophy
3.7.2004	ÍSLAND -	Lettland	32-25	Swedish Trophy
16.7.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	30-37	Vináttulandsleikir
17.7.2004	ÍSLAND -	Þýskaland	31-31	Vináttulandsleikir
6.8.2004	ÍSLAND -	Rúmenía	21-22	EM í Lettlandi
7.8.2004	ÍSLAND -	Sviss	27-27	EM í Lettlandi
8.8.2004	ÍSLAND -	Ungverjaland	29-30	EM í Lettlandi
10.8.2004	ÍSLAND -	Spánn	26-34	EM í Lettlandi

11.8.2004	ÍSLAND -	Pólland	32-26	EM í Lettlandi
13.8.2004	ÍSLAND -	Lettland	45-27	EM í Lettlandi
14.8.2004	ÍSLAND -	Pólland	35-27	EM í Lettlandi

Samtals 14 leikir

18 ára landslið drengja

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
21.5.2004	ÍSLAND - Grikkland	29-15	Undankeppni EM
22.5.2004	ÍSLAND - Makedónía	35-33	Undankeppni EM
23.5.2004	ÍSLAND - Frakkland	22-27	Undankeppni EM
23.7.2004	ÍSLAND - Svíþjóð	30-30	EM í Serbíu
24.7.2004	ÍSLAND - Serbía	24-32	EM í Serbíu
25.7.2004	ÍSLAND - Eistland	35-24	EM í Serbíu
27.7.2004	ÍSLAND - Búlgaría	36-32	EM í Serbíu
28.7.2004	ÍSLAND - Frakkland	20-20	EM í Serbíu
29.7.2004	ÍSLAND - Ungverjaland	30-37	EM í Serbíu
31.7.2004	ÍSLAND - Rússland	25-32	EM í Serbíu
29.10.2004	ÍSLAND - Frakkland	20-18	Vináttulandsleikir
30.10.2004	ÍSLAND - Spánn	22-23	Vináttulandsleikir
31.10.2004	ÍSLAND - Danmörk	25-25	Vináttulandsleikir
27.12.2004	ÍSLAND - Austurríki	29-18	Hela Cup í Þýskalandi
28.12.2004	ÍSLAND - Saarland	24-28	Hela Cup í Þýskalandi
28.12.2004	ÍSLAND - Þýskaland	18-20	Hela Cup í Þýskalandi
29.12.2004	ÍSLAND - Danmörk	25-35	Hela Cup í Þýskalandi
29.12.2004	ÍSLAND - Slóvenía	36-28	Hela Cup í Þýskalandi

Samtals 18 leikir

Landsliðspjálfarinn, Guðmundur Þórður Guðmundsson sagði starfi sínu lausu eftir Ólympíuleikana og var Viggó Sigurðsson ráðinn í hans stað. Heimir Ríkharðsson þjálfaði 18 og 21 árs liðinn. Landsliðsnefnd þakkar öllum þeim sem komið hafa að þessum liðum fyrir samstarfið.

Landsliðsnefnd Karla.

Landsliðsnefnd kvenna

Landsliðsnefnd kvenna

Ásta Óskarsdóttir, formaður.

Þór Ottesen.

Júlíana P. Þorvaldsdóttir.

Þorbjörg Gunnarsdóttir.

Hér á eftir fylgja úrslit þeirra leikja sem A-landslið kvenna, 19 ára landslið stúlkna og 17 ára landslið stúlkna á árinu 2004.

Landsleikir á vegum Handknattleikssambands Íslands 2004

Konur

A-landslið Kvenna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
15.5.2004	ÍSLAND - Danmörk	31-34	Vináttulandsleikir
16.5.2004	ÍSLAND - Danmörk	27-29	Vináttulandsleikir
29.5.2004	ÍSLAND - Tékkland	26-27	Undankeppni HM
6.6.2004	ÍSLAND - Tékkland	18-24	Undankeppni HM
20.10.2004	ÍSLAND - Holland	25-29	Lucardi Cup í Hollandi
21.10.2004	ÍSLAND - Spánn	28-33	Lucardi Cup í Hollandi
22.10.2004	ÍSLAND - Holland B	24-21	Lucardi Cup í Hollandi
23.10.2004	ÍSLAND - Holland B	29-29	Lucardi Cup í Hollandi
23.11.2004	ÍSLAND - Slóvakía	26-26	Undankeppni HM
24.11.2004	ÍSLAND - Litháen	27-29	Undankeppni HM
26.11.2004	ÍSLAND - Makedónía	21-30	Undankeppni HM
27.11.2004	ÍSLAND - Tyrkland	33-32	Undankeppni HM
28.11.2004	ÍSLAND - Pólland	26-22	Undankeppni HM
21.1.2004	ÍSLAND - Úrvals. Katelóníu	19-17	Vináttuleikur

Samtals 14 leikir

19 ára landslið stúlkna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
-------	--------	--------	--------

10.4.2004	ÍSLAND	-	Slóvakía	23-22	Undankeppni EM
11.4.2004	ÍSLAND	-	Danmörk	22-36	Undankeppni EM
30.6.2004	ÍSLAND	-	Austurríki	22-12	Scandinavian Open
1.7.2004	ÍSLAND	-	Danmörk	23-27	Scandinavian Open
2.7.2007	ÍSLAND	-	Svíþjóð	24-20	Scandinavian Open
2.7.2007	ÍSLAND	-	Noregur	23-39	Scandinavian Open
3.7.2004	ÍSLAND	-	Sviss	30-21	Scandinavian Open
30.7.2004	ÍSLAND	-	Þýskaland	24-30	EM í Tékkalandi
31.7.2004	ÍSLAND	-	Noregur	23-32	EM í Tékkalandi
1.8.2004	ÍSLAND	-	Austurríki	23-30	EM í Tékkalandi
3.8.2004	ÍSLAND	-	Rúmenía	26-29	EM í Tékkalandi
4.8.2004	ÍSLAND	-	Spánn	27-29	EM í Tékkalandi
6.8.2004	ÍSLAND	-	Portúgal	28-31	EM í Tékkalandi
7.8.2004	ÍSLAND	-	Austurríki	21-18	EM í Tékkalandi

Samtals 14 leikir

17 ára landslið telpna

Dags.	Leikur	Úrslit	Keppni
9.4.2004	ÍSLAND - Austurríki	28-30	Vináttulandsleikir
11.4.2004	ÍSLAND - Austurríki	29-29	Vináttulandsleikir

Samtals 2 leikir

Landsliðsþjálfarinn kvenna er Stefán Arnarson og hefur hann jafnframt tekið að sér 20 ára landsliðið. Aðstoðarmaður Stefáns s.l. 3 ár var Örn Ólafsson og þakkar Landsliðsnefnd honum fyrir samstarfið. Þjálfarar 17 ára landsliðsins eru Karl Erlingsson og Magnús Jónsson og á það lið mikla möguleika í framtíðinni. Landsliðsnefnd þakkar öllum þeim sem komið hafa að þessum liðum fyrir samstarfið.

Landsliðsnefnd kvenna.

Mótanefnd.

Mótanefnd HSÍ hefur á þessu starfsári verið skipuð Halldóri Inga Andréssyni, Hannesi M. Sigurðssyni, Lindu Udengaard, Má Svavarssyni og Guðmundi Stefánssyni sem er formaður. Róbert Gíslason hefur verið starfsmaður nefndarinnar og allt daglegt starf hennar og stór hluti mótaskipulags hefur hvílt á herðum hans. Mótanefnd færir Róbert sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Þá hefur nefndin sem fyrr átt góð

og ánægjuleg samskipti við skrifstofu HSÍ, einkum Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóra sem einnig er ástæða til að þakka fyrir.

Mótanefnd hefur eftir því sem tilefni gefst til fundað aðra hverja viku. Ýmis mál eru þó afgreidd með símatölum, tölvupósti eða á annan hátt hafi þess verið talin þörf. Megin starf mótanefndar var líkt og undanfarin ár skipulag móta og umsjón með framkvæmd þeirra. Leiktímabilið 2003-2004 var í fyrsta sinn leikið eftir nýju deildaskipulagi á Íslandsmótinu í meistaraflokki karla. Sama mótafyrirkomulag hefur verið á yfirstandandi keppnistímabili og í sjálfu sér hefur reynslan af þessu fyrirkomulagi verið eftir vonum. Engu að síður hefur gætt nokkurrar gagnrýni á þessa skipan mála og liggja nú fyrir þinginu tillögur að breyttu mótakerfi í meistaraflokkum sem er afrakstur starfs nefndar sem skipuð var í kjölfar formannafundar sem haldinn var í Reykjavík í febrúar 2005. Vonandi kemst ársþing HSÍ að skynsamlegri niðurstöðu um mótafyrirkomulagið, en það er þó ekki allt. Nauðsynlegt er að félögin fylgi eftir því mótafyrirkomulagi sem í gildi er á hverjum tíma með samræmdri umgjörð leikja, föstum leikdögum og öflugu markaðsstarfi. Án þess mun áhorfendum ekki fjölga eða áhugi almennt fyrir handknattleik aukast á ný.

Engar stórvægilegar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi Íslandsmótsins almennt fyrir þetta keppnistímabil og má segja að framkvæmd mótsins hafi gengið ágætlega fram til þessa. Mótanefnd hefur lagt nokkra vinnu í endurskoðun þeirra reglna sem um framkvæmd handknattleiksmóta sem nú gilda og fyrir þinginu liggja nokkrar tillögur um breytingar sem nefndin telur vera til bóta.

Mótanefnd hefur eins og áður kynnt félögunum fyrirkomulag mótsins, leikdaga og leiktíma með góðum fyrirvara áður en mót hefst. Félögin hafa síðan fengið nokkurn frest til að gera athugasemdir eða óska eftir breytingum. Nefndin hefur reynt að taka eins mikið tillit til þeirra óska um breytingar og kostur er, en hafa verður í huga að leikið er mjög þétt og svigrúm til breytinga er ekki mikið. En eftir að frestur til athugasemda er liðinn og búið er að gefa út leikjaskipulagið hefur nefndin ekki ljáðs máls á breytingum öðrum en þeim sem óhjákvæmilegar hafa verið vegna landsleikja og þátttöku liða í Evrópukeppnum.

Það er mat nefndarinnar að almennt sé sátt um þessa tilhögun mála enda fer þeim erindum sem nefndinni berast um breytingar á leikdögum fækkandi. Nefndin hefur hins vegar markað þá stefnu að heimila breytingar á leiktíma sé þess talin þörf.

Mótanefnd ber einnig að hafa umsjón með framkvæmd leikja og umgjörð þeirra. Því er ekki að leyna að nokkur brotalöm er í þeim málum, bæði í yngri flokkum og meistaraflokkum. Dómaranefnd og HDSÍ hafa t.d. beytt sér fyrir námskeiðum fyrir tímaverði og ritara en mörg félög hafa ekki séð ástæðu til að senda sitt fólk á slík námskeið. Þessi mál eru þó í góðu lagi hjá sumum félögum, en önnur þyrftu að taka sér tak.

Framkvæmd móta í yngri flokkunum hefur almennt tekist ágætlega þó ávallt berist nokkrar kvartanir til nefndarinnar um framkvæmd einstakra móta. Á heildina litið eru þær þó ekki margar og virðist það fórnfúsa starf alls þess fólks sem starfar að skipulagi og framkvæmd þessara móta því ganga ágætlega.

Mótanefnd vill að lokum þakka forráðmönnum félaga og öllum öðrum þeim fjölmörgu aðilum sem hún hefur átt samskipti við ágætt samstarf.

F.h. mótanefndar HSÍ,

Guðm. Stefánsson
formaður

Dómaranefnd

Dómaranefnd HSÍ 2004-2005 var skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Hákon B. Sigurjónsson, formaður
Guðmundur K. Erlendsson
Gísli Guðmundsson
Grétar Árnason
Sigurður Bjarnason

Helstu verkefni nefndarinnar hafa verið eins og endra nær að sjá um niðurröðun dómara á leiki sem dómaranefndin hefur umsjón með, halda fundi með dómurum, sjá um fræðslu á námskeiðum, kynningu út á við um áherslur og breytingar á leikreglum, erlend samskipti o.fl. Mikill tími nefndarmanna hefur farið í störf nefndarinnar

Á formannafundi félaganna árið 2003 var gerð samþykkt um að halda sérstök leikreglunámskeið fyrir leikmenn og þjálfara 3ja flokks karla og unglingsflokks kvenna til að byggja upp nýjan skilning þessara aðila á mikilvægi leikreglna og dómgæslu. Eftir sl. keppnistímabil var öllum félögum sendar tilkynningar um hvenær slíkt námskeið yrði haldið fyrir þetta keppnistímabil. Skemmst er frá að segja að engin viðbrögð urðu.

Haustfundur dómara í ár hefur ekki verið fjölmennari í mörg ár en til hans voru nú allir dómarar boðaðir. Það vantaði þó mikið á að allir dómarar kæmu. Nokkuð virðist skorta á skilning sumra með að senda sitt fólk á haustfund dómara eða þá að einstaklingar sem hafa gefið sig út í að dæma fyrir félögin hafi ekki gefið sér tíma eða haft áhuga á að mæta. Nefndin stendur fast á því að það sé frumskilyrði þess til að bæta dómgæsluna að dómarar mæti til slíks fundar, sem haustfundurinn er og kynnast þar áherslum og breytingum auk þess að kynnast betur. Við megum ekki slaka á þeim kröfum sem við gerum og ekki má verða afturhvarf til þess tíma, þegar kalla þurfti á einstaklinga ofan úr pöllum til að dæma vegna skorts á dómurum. Í hreinskilni sagt stefnir í það verði ekki viðhorfsbreyting

Það þarf að verða hugarfarsbreyting í hreyfingunni til dómgæslunnar. Það virðist eins og að litið sé á dómara sem einhvern andstæðing. Dómarar eru til þess að vera leikstjórnendur og hafa þeir sér m.a. leikreglur til aðstoðar. Leikmenn, þjálfarar og aðrir verða að fara að líta á dómgæsluna sem hluta af leiknum og fara verður eftir þeim

leikreglum sem settar eru. Þetta er staðreynd sem allir verða að sætta sig við. Dómarar eiga misjafna daga eins og aðrir. Oft gengur vel og stundum miður eins og með leikmenn og þjálfara. Oftast er tekið eftir því sem miður fer og stendur það þá upp úr í umræðunni, en hitt sem vel er gert er ekki rætt um. Leikmenn og þjálfarar gera sín mistök í leik, rétt eins og dómararnir, þ.e. eiga misjafna daga. Ekki sjáum við mikla umræðu um það, né að þeir séu litnir hornauga af samherjum eða andstæðingum. Lítum okkur nær, horfum í eigin barm, gerum jafna kröfu til sjálfra okkar eins og við gerum kröfur til annarra. Umfjöllun um dómgæslu á ekki að vera til þess að rífa niður íþróttina heldur á hún að snúast um það að byggja hana upp. Í sameiginlegu átaki eigum við að geta breytt því viðhorfi sem er í dag.

Dómarar í umsjá dómaranefndar hafa gengist undir próf, bæði bókleg og líkamleg. Nefndin hefur sett sér markmið síðustu árin sem miða m.a. að því að gera mun meiri kröfur til dómara um þekkingu, hæfni og líkamlegt þrek. Elís Þór Rafnsson sjúkraþjálfari hefur séð um líkamlega prófið.

Tvö dómaranámskeið hafa verið haldin á keppnistímabilinu þar sem útskrifaðir voru hátt í fimmtíu dómarar. Á þessum námskeiðum var gerð viðhorfskönnun og það sem stóð upp úr í þeirri könnun, en ekki svo óvænt, að aðeins um 10% þeirra sem sóttu námskeiðin höfðu einhvern hug á að takast á við dómgæslu í framtíðinni og komast áfram sem slíkir en voru öðru fremur á námskeiðunum fyrir tilstuðlan sinna íþróttafélaga. Von er bundin við að nokkur þessara dómaraefna haldi áfram í framtíðinni. Það er staðreynd að í dag eru áhugamál og afþreying orðin svo fjölbreytt sem veldur því m.a. að nánast engir fást til dómgæslu utan hreyfingarinnar, þ.e.a.s koma utan af götunni til að hafa dómgæsluna sem áhugamál eða afþreyingu. Því verður að skuldbinda félögin í því að koma einstaklingum til dómgæslu og eins og einn nefndarmanna hefur orðað það, það tekur dómara heilt háskólanám að verða góður dómari, þetta er mikið nám en ekki einhver pakki sem á að senda inn á hvert heimili.

Alþjóðlegu dómarapörin okkar, Gunnar, Stefán, Guðjón, Ólafur, Anton og Hlynur hafa staðið sig vel á sl. tímabili og er útkoma þeirra verið góð í Evrópu. Gunnar og Stefán hafa enn og aftur sýnt það með þátttöku sinni á HM í Túnis að þeir eru eitt af allra bestu dómarapörum í heiminum.

Gunnar Viðarsson og Stefán Arnaldsson voru kosnir besta dómarapar ársins af leikmönnum og félögum fyrir keppnistímabilið 2004-2005.

Dómaranefnd leggur áherslu á að auka þarf erlend samskipti til að auka þekkingu og færni í dómgæslu og koma þarf nýjum kandidatapörum okkar á námskeið hjá EHF.

Guðjón og Ólafur munu láta af störfum sem alþjóðlegir dómarar. Framundan er starf að koma okkar ungu dómurum áfram inn í þeirra starf og stefnt verður að því á næsta keppnistímabili.

Starf næsta keppnistímabil mun áfram mótast af enn meiri kröfum um þrek, skilning og kunnáttu í dómgæslu auk þess sem að leikreglur breytast töluvert frá 1. ágúst n.k. Ljóst er

Því að enn mikilvægara verður fyrir félögin að vakna af sínum væra blundi og hvetja sína dómara að mæta á næsta haustfund dómara til þess að verða meðvitaðir um í hverju breytingarnar felast.

Dómaranefnd HSÍ hefur tilnefnt eftirtalda einstaklinga sem milliríkjadómara - milliríkjadómaraefni og milliríkjaeftirlitsmenn fyrir árið 2004-2005.

EHF/IHF milliríkjadómarar.

Stefán Arnaldsson - Gunnar Viðarsson
Guðjón L. Sigurðsson - Ólafur Ö. Haraldsson
Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

EHF milliríkjadómaraefni.

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF “Young Referee Project” dómarar.

Arnar Sigurjónsson
Svavar Pétursson
Helgi Hallsson
Hilmar Guðlaugsson

Milliríkjaeftirlitsmenn.

Björn H. Jóhannesson
Gunnar K. Gunnarsson
Hákon B. Sigurjónsson
Helga H. Magnúsdóttir
Kjartan K. Steinbach
Óli P. Olsen

Dómaranefndin óskar góðs samstarfs við alla er standa að íþróttinn og þakkar öllum sem hafa komið að störfum hennar.

Hákon B. Sigurjónsson (sign) formaður

Aganefnd

Aganefnd er þannig skipuð.

Karl V. Jóhannsson
Þórarinn M. Þorbjörnsson
Ólafur Steingrímsson.

Nefndin hefur haldið 23 fund á tímabilinu og tekið fyrir 129 mál, sem stefnir í að verði fjölgun frá síðasta tímabili, en á árinu 2004 voru tekin fyrir 151 mál. Fjöldi mála virðist

vera mjög svipaður ef litið er á heil keppnistímabil, 2002 – 2003 þá voru alls 144, tímabilið 2003 – 2004 voru 138 mál og á tímabilinu 2004 – 2005 þá hefur nefndin fengið 129 mál til umfjöllunar. Nokkur fjölgun er á málum úr 2. og 3. aldursflokki auk þess sem meistaraflokkarnir virðast vera á góðri leið með að slá málafjölda síðasta tímabils.

Þórarinn M. Þorbjörnsson
Karl V. Jóhannsson
Ólafur Steingrímsson

Fræðslu og útbreiðslunefnd.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur lagt mikla vinnu í að aðlaga menntun þjálfara að fræðslukerfi ÍSÍ. Í fræðslukerfi ÍSÍ sem HSÍ er aðili að er skilgreint hvernig þjálfarar geti bætt við menntun sína. Þegar viðkomandi þjálfari hefur sótt námskeið í almennum hluta sem er í höndum ÍSÍ og aðila innan menntakerfisins, eiga þeir kost á að sækja námskeið hjá HSÍ sem hér eftir verða í boði í september og febrúar ár hvert.

Þessa dagana er verið að vinna að því að setja upp og samræma hvað kennt verður á hverju námskeiði HSÍ og tekið mið að því sem best gerist á hinum Norðurlöndunum. Á síðasta ári óskuðum við eftir því að þjálfarar sendu inn ferilskrá yfir menntun, þjálfaraferil og þau námskeið sem þeir hefðu lokið. Mjög margir sendu inn umbeðnar upplýsingar. Ferilskrárnar hafa verið sendar fræðslustjóra ÍSÍ sem metur almenna hlutann. Helst vantar nánari upplýsingar um hvað farið var yfir á viðkomandi námskeiðum og fylgiskjöl. Við munum ljúka við að útbúa lista yfir menntun þjálfara fyrir vorið og meta hvar viðkomandi þjálfari stendur. Þeir þjálfarar sem ekki hafa sent inn gögn eru hvattir til að gera það sem fyrst. Þá vil ég benda þjálfurum á að skoða heimasíðu ÍSÍ www.isi.is en þar er hægt að sjá hvaða námskeið eru í boði í almennum hluta og hvar þau fara fram. Fræðslunefnd er að vinna að því að sækja um aðild að Rinck Convention eða Master Coach sem er þjálfaramenntunarkerfi sem Danir, Svíar og Norðmenn eru aðilar að ásamt fjölmörgum öðrum Evrópuþjóðum. Þessi námskeið eru fyrir þá sem hafa lokið 3 þjálfarastigi í viðkomandi löndum. Þjálfarar sem ljúka þessum námskeiðum hafa réttindi til að starfa við afreksþjálfun í öllum þeim löndum sem eru aðilar að þessu kerfi. HSÍ hefur sótt um styrk sem Ólympíusamhjálpin úthlutar ár hvert, til útbreiðslustarfa. Styrkurinn felur í sér að fá erlendan þjálfara til 4-6 mánuði án kostnaðar, til að aðstoða sérsamband við að auka útbreiðslu íþróttagreinar. Þessi styrkur myndi koma sér vel við að aðstoða félag sem áhuga hafa á að stofna nýjar handknattleiksdeildir og einnig til að aðstoða félag sem vilja bæta það starf sem þegar er fyrir hendi hjá íþróttafélögunum. Þá gæti viðkomandi þjálfari farið markvisst í skólaheimsóknir og aðstoðað íþróttakennarana við að gera handknattleikinn að almennari skólaíþrótt. Á síðasta ári var farið af stað með grunnskólamót í handknattleik í skólum í Reykjavík. Nú höldum við áfram og næsta mót verður í Kópavogi og á Akureyri eftir Páska. Í Kópavogi er verið að undirbúa grunnskólamót fyrir krakka 10 og 11 ára sem eru í 6.flokki. Kennsluskrá HSÍ kom út síðast liðið vor og er hún á heimasíðu HSÍ undir

liðnum fræðslu-og útbreiðslunefnd. Þar kemur fram hvað skal kenna á hverju aldurstigi og hvað skal leggja áherslu á samfara því. Við hvetjum öll íþróttafélögin til að nýta sér kennsluskrána og gera þannig barna-og unglingastarfið markvissara.

Handboltaskóli HSÍ og KB banka var starfræktur í júní mánuði eins og undan farin ár en hverju handknattleiksfélagi gefst kostur á að senda 4 þátttakendur í skólann. Mjög góð þátttaka var að þessu sinni undir góðri stjórn Óskars Bjarna Óskarssonar.

Að lokum viljum við þakka starfsmönnum HSÍ góða samvinnu á liðnu starfsári.

Fræðslu-og útbreiðslunefnd HSÍ

Guðmundur Sk. Stefánsson form.
Óskar Ármannsson
Axel Stefánsson

Móttökunefnd HSÍ.

Móttökunefnd HSÍ gegnir mjög mikilvægu hlutverki innan handknattleikshreyfingarinnar. Móttökunefnd sér um skiplagningu á heimsóknum erlendra keppnisliða sem koma til Íslands, til keppni við íslensk landslið. Móttökustjóri er þannig tengiliður milli gestaliðsins, stjórnar og framkvæmdastjóra HSÍ. Eftir að dagskrá heimsóknarinnar hefur verið ákveðin, sér móttökustjóri um að taka á mótí gestaliði á flugvelli og að aðstoða gestina við að koma sér fyrir á hóteli.

Oft koma fram óskir um breytingar á æfingatímum, matmálstímum eða óskir um skoðunarferðir sem og annað sem tengist heimsókninni. Þá er móttökustjóri gestaliðinu til aðstoðar þann tíma sem heimsóknin varir.

Þau lið sem heimsóttu okkur á liðnu starfsári.

9.-11. apríl fór fram riðill í undankeppni EM fyrir stúlkur 20 ára og yngri.

Lið frá Danmörku og Slóvakíu komu en lið Úkraínu mætti ekki til leiks.

Keppnin fór fram á Seltjarnanesi en liðin gistu á hótél Cabin.

15.-16. maí kom Danska kvennalandsliðið í heimsókn til að leika vináttulandsleiki.

Leikið var á Seltjarnanesi og í Vestmannaeyjum. Gist var á hótél Cabin.

5.-6. júní mætti Ítalska karlalandsliðið til leiks í undankeppni HM. Leikurinn fór fram í Kaplakrika. Ítalirnir gistu á hótél Loftleiðum.

Móttökunefnd vill þakka þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu við móttöku þessara liða.

Móttökunefnd HSÍ

Guðmundur Sk. Stefánsson
Friðrik Guðmundsson.

8. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar til samþykktar

Ásgerður Halldórsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningi sem lá frammi. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður og undirritaður af skoðunarmönnum, þeim **Jóni Gesti Viggóssyni** og **Guðmundi Frímannssyni**. Tap var af rekstri sambandsins á tímabilinu. Tapið nemur kr. 1.767.649.-. Án fjármagnsliða nemur tapið kr. 255.375.-. Eigið fé við síðustu árslok er neikvætt um kr. 7.069.526.-.

Settur þingforseti þakkaði Ásgerði Halldórsdóttur fyrir útskýringar á ársreikningi. Opnað var fyrir umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Skýrsla og reikningar voru samþykktir samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Ásgerður Halldórsdóttir lagði fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

Fjárhagsáætlun var vísað í Fjárlaganefnd. Enginn gerði athugasemd við þessa málsmeðferð.

Ávörp gesta

Ellert B. Schram tók þá til máls. Að því loknu var orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Endurskoðaðir reikningar voru samþykktir samhljóða.

Þingfulltrúar

Þingforseti bað formann kjörbréfanefndar, Guðmund Erlendsson, um að gera grein fyrir kjörbréfum þar eð nefndin hafði lokið störfum. Guðmundur gerði grein fyrir hve margir fulltrúar félaga væru mættir og las upp frá hvaða félögum þeir væru. Hann bað fulltrúa um að gefa merki þegar þeir væru lesnir upp.

Eftirfarandi listi er yfir fjölda fulltrúa félaga- og héraðssambanda:

Fulltrúafjöldi hvers félags:

<u>Félag:</u>	<u>Fjöldi Fulltrúa:</u>
Árman/Þróttur	2
Breiðablik	1
FH	4
Fjölnir	3
Fram	4
Fylkir	3
Gróttá	4
Gróttá/KR	1
Haukar	4
HK	4
Hvöt	1
Hörður	1
Höttur	2
ÍA	1
ÍBV	3
ÍH	1
ÍR	4
KA	4
KA/Þór	1
Keflavík	1
KR	1

Fulltrúafjöldi annarra aðila:

<u>Félag:</u>	<u>Fjöldi Fulltrúa:</u>
HSB	1
HHF	1
HSH	1
HSK	1
HSS	1
HSV	1
HSP	1
ÍBA	1
ÍBH	1
ÍBR	1
ÍBS	1
ÍRB	1
ÍS	1
UDN	1
UÍA	1
UÍÓ	1
UMSB	1
UMSE	1
UMSS	1
UNÞ	1
USÚ	1

KS	1	USAH	1
Selfoss	3	UMSK	1
Stjarnan	4	USVH	1
UMFA	3	USVS	1
UMF Bessast.	1		
Valur	4	Samtals:	25
Valur/Austri	1		
Víkingur	3		
Völsungur	1		
Þór Ak.	2		
Þór Þorl.	1	<u>Samtals:</u>	<u>100</u>
Ögri	1		
Samtals:	75		

Samtals 100 fulltrúar

Kjörbréfanefnd var þakkað fyrir þeirra framlag. Þingforseti nefndi að Kjörbréfanefnd væri að störfum á meðan þinghald stæði yfir.

Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

10. Lagðar fram tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum

Þingforseti skýrði frá því að fundarmenn væru með tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum í möppum. Þingforseti fór lauslega yfir greinargerð tillagna og þeim var vísað til nefnda.

11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa

Engar tillögur eða önnur mál bárust til stjórnar.

12. Nefndarálit og atkvæðagreiðslur

Þingforseti gaf Kjörbréfanefnd orðið áður en atkvæðagreiðslur fóru fram.

Þingforseti skýrði frá því að Laga- og reglnanefnd var að ljúka störfum og þar sem ekki er búið að ganga frá gögnum frá nefndinni, þá verði fyrst tekin fyrir þau mál sem vísað var til Fjárhagsnefndar og Allsherjarnefndar og síðast verða tekin fyrir þau mál sem vísað var til Laga- og reglnanefndar.

Þingforseti bað talsmann Fjárhagsnefndar, Ásgerði Halldórsdóttur, um að skýra frá niðurstöðum nefndarinnar.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu nefndarinnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 04-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Milliþinganefnd

4.2.5.3. Leikjafyrirkomulag í deildum

Á hverju keppnistímabili skulu vera 5 mót í hverjum riðli í hverri deild í hverjum styrkleikaflokki. Skrifstofa HSÍ skal sjá um að upplýsa félögin um staðsetningu móta eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Fyrsta mót skal vera röðunarmót og gefur ekki stig til deildarmeistara. Í það mót skal raða eftir deildarmeistararöðun næsta keppnistímabils á undan. Í mót númer tvö er raðað eftir fyrsta móti og síðan koll af kalli. Í fyrstu deild skal vera einn riðill, en í neðri deildum geta riðlar orðið tveir eftir fjölda þátttökuliða.

Niðurröðun skal vera eftirfarandi:

Fjöldi liða	1.deild	2.deild	3.deild
7	7		
8	4	4	
9	5	4	
10	5	5	
11	6	5	
12	4	4+4	
13	5	4+4	
14	5	5+4	
15	5	5+5	
16	4	4+4	4
17	5	4+4	4
18	5	5+4	4
19	5	5+5	5
20	5	5+5	5
21	5	4+4	4+4
22	5	5+4	4+4
23	5	5+5	4+4
24	5	5+5	5+4
25	5	5+5	5+5

o.s.frv.

Í hverjum riðli í deild leika allir við alla og skal notast við grein 2.3.2. til að ákveða úrslitaröð liðanna.

Tvö neðstu lið í efri deild falla í næstu deild fyrir neðan, en tvö efstu lið í neðri deild færast upp í næstu deild fyrir ofan. Þegar tveir riðlar eru í deild, færast efsta lið í hvorum riðli upp, en neðsta lið í hvorum riðli niður. Tilfærsla milli deilda er líka eftir síðustu umferð.

Fyrir 1.umferð í deild skal draga töfluröð innan hvernar deildar og leika skv. töflum í gr. 2.3. Síðan ákvarðast töfluröð af stöðu liða eftir hverja umferð, þó þannig að lið, sem færast á milli deilda taka töflusæti þeirra liða, sem þau koma í staðinn fyrir.

Verður:

4.2.5.3. Leikjafyrirkomulag í deildum

Á hverju keppnistímabili skulu vera 5 mót í hverjum riðli í hverri deild í hverjum styrkleikaflokki. Skrifstofa HSÍ skal sjá um að upplýsa félögin um staðsetningu móta eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Fyrsta mót skal vera röðunarmót og gefur ekki stig til deildarmeistara. Í það mót skal raða eftir deildarmeistararöðun næsta keppnistímabils á undan. Í mót númer tvö er raðað eftir fyrsta móti og síðan koll af kalli. Í fyrstu deild skal vera einn riðill, en í neðri deildum geta riðlar orðið tveir eftir fjölda þátttökuliða.

Niðurröðun skal vera eftirfarandi:

Fjöldi liða	1.deild	2.deild	3.deild
7	7		
8	4	4	
9	5	4	
10	5	5	
11	6	5	
12	4	4+4	
13	5	4+4	
14	5	5+4	
15	5	5+5	
16	6	5+5	
17	6	6+5	
18	6	6+6	
19	5	5+5	4
20	5	5+5	5
21	6	5+5	5
22	6	6+5	5
23	6	6+6	5
24	6	6+6	6
25	5	5+5	5+5

o.s.frv.

Í hverjum riðli í deild leika allir við alla og skal notast við grein 2.3.2. til að ákveða úrslitaröð liðanna.

Tvö neðstu lið í efri deild falla í næstu deild fyrir neðan, en tvö efstu lið í neðri deild færast upp í næstu deild fyrir ofan. Þegar tveir riðlar eru í deild, færast efsta lið í hvorum riðli upp, en neðsta lið í hvorum riðli niður. Tilfærsla milli deilda er líka eftir síðustu umferð.

Fyrir 1.umferð í deild skal draga töfluröð innan hvernar deildar og leika skv. töflum í gr. 2.3. Síðan ákvarðast töfluröð af stöðu liða eftir hverja umferð, þó þannig að lið, sem færast á milli deilda taka töflusæti þeirra liða, sem þau koma í staðinn fyrir.

Greinargerð:

Á 47. ársþingi HSÍ, þann 26. mars 2004, var tillögu frá Hetti að breytingu á þessari grein vísað til millipinganeftdar. Á fundi þann 10. ágúst 2004 samþykkti millipinganeftnd að leggja þessa tillögu fram á 48. ársþingi HSÍ. Að öðru leiti er vísað til rökstuðnings Hattar með upprunalegu tillögunni.

Greinargerð Hattar frá 47. ársþingi HSÍ:

Með þessum breytingum fækkar mögulegum mótum þar sem lið leika einungis þrjá leiki á móti. En það hefur verið raunin í öllum deildum í vetur í 4.fl kk, ef frá er talin 1 deildin. Slíkt er mjög bagalegt þegar lið koma langar leiðir með tilheyrandi kostnaði. Séu t.d. 12 manns í liði, allir leika jafn mikið, þá gera það 70 mínútur á mann. 70 mínútur sem hver og einn þarf að greiða fyrir, eins og í okkar tilfelli 15 – 20 þúsund krónur!

Þá er einnig mjög æskilegt og í raun nauðsynlegt upp á bókun flugs, að staðsetning móta liggja fyrir með að lágmarki 2 vikna fyrirvara.

Þingskjal nr. 04-00 var vísað til Allsherjarneftdar.

Nefnd lagði til að þingskjal skyldi samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 04-00 var samþykkt samhljóða.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 12.mars 2005 Þingskjal nr: 05-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Millipinganeftnd

4.2.5.2. Keppnisfyrirkomulag.

Í 4. flokki karla og 4. flokki kvenna A og B liðum skal keppni fara fram í deildum. Fjöldi deilda ræðst af þátttöku skv. eftirfarandi:

- a) 4- 7 lið 1 deild
- b) 8-15 lið 2 deildir
- c) 16-25 lið 3 deildir
- d) 26-35 lið 4 deildir o.s.frv.

Leikið skal með sama fyrirkomulagi í A og B liðum, þó skal ekki vera sérstök B liða keppni ef færri en 4 lið tilkynna þátttöku, en þá skal þeim liðum sem tilkynntu þátttöku í B liðum heimilt að senda B lið í deildarkeppni A liða.

Verður

4.2.5.2. Keppnisfyrirkomulag.

Í 4. flokki karla og 4. flokki kvenna A og B liðum skal keppni fara fram í deildum. Fjöldi deilda ræðst af þátttöku skv. eftirfarandi:

- a) 4- 7 lið 1 deild
- b) 8-18 lið 2 deildir**
- c) 19-28 lið 3 deildir**
- d) 29-33 lið 4 deildir**
- e) 34 lið og meira 5 deildir**

Leikið skal með sama fyrirkomulagi í A og B liðum, þó skal ekki vera sérstök B liða keppni ef færri en 4 lið tilkynna þátttöku, en þá skal þeim liðum sem tilkynntu þátttöku í B liðum heimilt að senda B lið í deildarkeppni A liða.

Greinargerð:

Verði grein 4.2.5.3 breytt eins og lagt er til í þingskjali 4, er nauðsynlegt að breyta þessari grein til samræmis.

Þingskjali nr. 05-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til að þingskjal skyldi samþykkt.

Þingskjal nr. 05-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal**

12.mars 2005

Þingskjal nr: 06-00

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Verður

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Aðeins mega að hámarki tveir leikmenn úr næsta aldursflokki fyrir neðan leika með flokki upp fyrir sig. Þetta gildir í 8.- 4.flokki. Undantekning ef lið er samsett úr mörgum árgöngum og hefur aðeins eitt lið í keppni.

Greinargerð:

Á 47. ársþingi HSÍ, þann 26. mars 2004, var tillögu frá KA að breytingu á þessari grein vísað til milliþinganefndar. Á fundi þann 10. ágúst 2004 samþykkti milliþinganefnd að leggja til við 48. ársþingi HSÍ að þessari tillögu væri hafnað. Rökstuðningur nefndarinnar er sá að þessu tillaga kemur íþróttinni ekki til góða og eru engin nægileg rök fyrir henni.

Greinargerð KA frá 47. ársþingi HSÍ:

Seinni part vetrar hætta lið sem byggð eru upp á yngri leikmönnum oft þátttöku því þá fer álag að verða meira. Sum félög nota þetta sem æfingamót fyrir næsta flokk fyrir neðan og þá lenda oft mjög góð A-lið t.d. úr 6.flokki á móti slökum C-liðum úr 5.flokki og veldur það niðurlægingu.

Auk þess eigum við í vandræðum með að halda mörg mót sökum stærðar þeirra.

Þingskjal nr. 06-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til niðurfellingu þingskjals.

Þingskjal nr. 06-00 var fellt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 07-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Milliþinganevnd

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	7	7		42
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	7	6	6	51
20	5	5	5/5	40”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C-lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	5	4	4	22
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	5	4	4/4	28
18	5	5	4/4	32
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Greinargerð:

Á 47. ársþingi HSÍ, þann 26. mars 2004, var tillögu frá Haukum að breytingu á þessari grein vísað til millipinganefndar. Á fundi þann 10. ágúst 2004 samþykkti millipinganefnd að leggja til við 48. ársþingi HSÍ að samþykkt væri breytingartillaga samkvæmt þingskjali 7.1. og leggur því til að þetta þingskjal verði fellt.

Greinargerð Hauka frá 47. ársþingi HSÍ:

i) Mótin hafa verið að stækka mikið í C-liðum. Og er hinn mikli fjöldi C-liða orðinn ráðandi um stærð mótsins. Því er lagt til að algengasti fjöldi liða í deild sé 5 og 4 en að hámarki 6, með þeirri undantekningu þegar einungis eru sjö lið. Með þessu móti verður umfang mótanna viðráðanlegra. T.d. yrði fækkunin fyrir 19 liðin í 5. fl. um 15 leiki x 40 min samtals 10 klst í sal. Fyrir þrjá sali svarar það til frá kl. 19:30-23 á laugardagskvöldi.

Þingskjali nr. 07-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal yrði fellt .

Þingskjal nr. 07-00 var fellt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 07-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Milliþinganefnd

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	7	7		42
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	7	6	6	51
20	5	5	5/5	40”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

Deildarmóti skal raða á eftirfarandi hátt:

Fjöldi liða

Í keppni

A- B eða C-lið 1 deild 2 deild 3 deild fjöldi leikja

5	5			10
6	6			15
7	7			21
8	4	4		12
9	5	4		16
10	5	5		20
11	6	5		25
12	6	6		30
13	7	6		36
14	5	5	4	26
15	5	5	5	30
16	6	5	5	35
17	6	6	5	40
18	6	6	6	45
19	5	5	5/4	36
20	5	5	5/5	40

Greinargerð:

Millipinganevnd telur að forðast eigi að fækka leikjum í yngri flokkum svo að um nemur og leggur því til að samþykkt verði þessi tillaga sem afnemur nánast 7 liða riðla.

Þingskjal nr. 07-01 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal yrði samþykkt með vísun í 29-01.

Þingskjal nr. 07-01 var samþykkt.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 12.mars 2005 Þingskjal nr: 08-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Millipinganevnd

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum vellingum (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi. Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Verður

4.2.7. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum vellingum (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. **Hver riðill eða deild skal leikinn samfelld. Ef leikir viðkomandi liðs eru 5 eða færri skal riðill eða deild kláruð samdægurs með samfeldu móti. Annars skal leikjum skipt sem jafnast á tvo daga.** Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Greinargerð:

Á 47. ársþingi HSÍ, þann 26. mars 2004, var tillögu frá KA að breytingu á þessari grein vísað til millipinganefndar. Á fundi þann 10. ágúst 2004 samþykkti millipinganefnd að leggja til við 48. ársþingi HSÍ að þessari tillögu væri hafnað. Rökstuðningur nefndarinnar er sá að með þessari tillögu þá eru mótshöldurum lagðar miklar skorður sem varla er hægt að fara eftir við niðurröðun móta á föstudögum.

Greinargerð Hauka frá 47. ársþingi HSÍ:

i) Mótshaldarar hafa í einhverjum tilfellum í vetur verið að raða mótunum þannig upp að lið séu að mæta að morgni laugardags og síðan er nokkurra klst. hlé og síðan mæta þau aftur að kveldi sama dags. Þessi “hvíld” er ekki raunveruleg hvíld fyrir börnin, því tilgangslaus. Það er eðlilegra að riðill/deild séu spiluð samfelld og ef að leikjafjöldi er það mikill (6 eða fleiri) þá mæti börnin sinn hvorn daginn.

Þingskjali nr. 08-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til niðurfellingu skjals.

Þingskjal nr. 08-00 var fellt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 08-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Millipínganefnd

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum velli (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi. Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Verður

4.2.6. Reglur um mótahald í 5. flokki og 6. flokki á vegum HSÍ,

Úthlutun móta

“Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar. Raða skal leikjum á mótum eftir töfluröð sjá grein 2.3.1. Víkja má frá röð umferða í töfluröð einkum þegar taka þarf tillit til liða, sem koma utan að landi og þegar verið er að leitast við að tvö lið frá sama félagi spili ekki á sama tíma á sitt hvorum velli (jafnvel á öðrum stað í bænum). Reynt skal að hafa ekki tvo leiki eða fleiri í röð, hjá sama liðinu. **Hver riðill eða deild skal leikinn samfelld. Ef leikir viðkomandi liðs eru 5 eða færri skal riðill eða deild ljúka samdægurs með samfelldu móti. Annars skal leikjum skipt sem jafnast á tvo daga.** Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik..”

Greinargerð:


Á 47. ársþingi HSÍ, þann 26. mars 2004, var tillögu frá KA að breytingu á þessari grein vísað til millipínganefndar. Á fundi þann 10. ágúst 2004 samþykkti millipínganefnd að leggja til við 48. ársþingi HSÍ að þessari tillögu væri hafnað. Rökstuðningur nefndarinnar er sá að með þessari tillögu þá eru mótshöldurum lagðar miklar skorður sem varla er hægt að fara eftir við niðurröðun móta á föstudögum.

Greinargerð Hauka frá 47. ársþingi HSÍ:

i) Mótshaldarar hafa í einhverjum tilfellum í vetur verið að raða mótunum þannig upp að lið séu að mæta að morgni laugardags og síðan er nokkurra klst. hlé og síðan mæta þau aftur að kveldi sama dags. Þessi “hvíld” er ekki raunveruleg hvíld fyrir börnin, því tilgangslaus. Það er eðlilegra að riðill/deild séu spiluð samfelld og ef að leikjafjöldi er það mikill (6 eða fleiri) þá mæti börnin sinn hvorn daginn.

Allsherjar- og Millipinganevnd lögðu einróma til að þingskjal yrði fellt.

Þingskjal nr. 08-01 var fellt með 1 mótatkvæði.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 09-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistarafli karla og kvenna

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 10-12 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 13 og fleiri lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.

4.2.1.2. Forkeppni.

Í efstu deild karla og kvenna er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kalli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Innbyrðis leikir (stig og markatala) þeirra liða sem leika í Úrvalsdeild fylgja liðunum úr forkeppninni og leika þau lið ekki frekar saman í Úrvalsdeild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina og tekur þar sjöunda sætið. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um áttunda sætið í úrslitakeppninni. . Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur
- b) Fleiri skorud mörk í útileik
- c) Vítakastkeppni (sjá reglur um vítakastkeppni)

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin:

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratítul og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar,

jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskípting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6. Tekjuskípting er sú sama og fyrr.

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskípting er sú sama og fyrr.

4.2.1.9. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

4.2.1.10. Mótanefnd er falið að útfæra nánar, fyrir hvert keppnistímabil, fyrirkomulag forkeppninnar og deildarkeppninnar sem byggir á fjölda þátttökuliða hverju sinni.

Verður:

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskípting.

4.2.1.1. Deildaskípting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna tímabilið 2005-2006

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 10 lið eða fleiri, ein deild, 2 umferðir.

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Í deildarkeppni b) eru leiknar 2.umferðir. Það lið sem verður efst að lokinni deildarkeppni verður Íslandsmeistari. 8 efstu liðin vinna sér síðan inn rétt á að leika í Úrvalsdeild tímabilið 2006-2007. Liðin þar fyrir neðan fara í 1.deild.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem


ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 3 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Greinargerð: Á formannafundi sem fór fram 12.febrúar var kynnt skoðanakönnun sem Skrifstofa HSÍ stóð fyrir með hjálfurum og forsvarsmönnum félaganna. Þar kom fram að vilji er innan hreyfingarinnar að setja Íslandsmótið í efstu deild karla í 2.deildir. Skipuð var nefnd til þess að finna leið að því takmarki og er tillaga þessi afrakstur þeirrar vinnu.

Þingskjal nr. 09-00 var vísað til Laganefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 09-01.**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

4.2. Deildarkeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistarafll.karla og kvenna

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.

- b) 10-12 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 13 og fleiri lið, ein deild, sjá 4.2.1.2.

4.2.1.2. Forkeppni.

Í efstu deild karla og kvenna er fyrst leikin forkeppni í tveimur riðlum, norður- og suðurriðli. Í forkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Í norðurriðil raðast lið af Norður-, Vesturlandi og Vestfjörðum. Í suðurriðil raðast lið af Suður- og Austurlandi. Að öðru leiti raðast lið eftir árangri síðasta tímabils, þannig að efsta liðið raðast í annan riðilinn, næst efsta liðið í hinn og þannig koll af kalli. Skal hlutkesti ráða í hvorum riðli efsta lið leikur.

4.2.1.3. Deildarkeppni.

Að lokinn forkeppni fara 4 efstu lið úr hvorum riðli í Úrvalsdeild. Hin liðin leika í fyrstu deild. Innbyrðis leikir (stig og markatala) þeirra liða sem leika í Úrvalsdeild fylgja liðunum úr forkeppninni og leika þau lið ekki frekar saman í Úrvalsdeild. Í deildarkeppninni er leikin tvöföld umferð, heima og heiman. Sú röðun sem myndast eftir deildarkeppnina, ræður röðun í riðla við upphaf næsta tímabils á þann hátt sem lýst er að ofan. (4.2.1.2.)

Að deildakeppni lokinni fara sex efstu lið Úrvalsdeildar beint í úrslitakeppni. Auk þess fer það lið sem er í fyrsta sæti fyrstu deildar beint í úrslitakeppnina og tekur þar sjöunda sætið. Það lið sem er í sjöunda sæti Úrvalsdeildar leikur við það lið sem er í öðru sæti fyrstu deildar um áttunda sætið í úrslitakeppninni. . Leikið skal heima og heiman og samanlagður árangur gildir, lið úr Úrvalsdeildinni fá seinni leikinn sem heimaleik. Ef liðin standa jöfn að stigum eftir tvo leiki (án framlengingar) þá úrskurðast sigurvegari:

- a) Markamismunur
- b) Fleiri skorud mörk í útileik
- c) Vítakastkeppni (sjá reglur um vítakastkeppni)

Það lið sem sigrar í Úrvalsdeild er deildarmeistari Úrvalsdeildar og það lið sem sigrar í fyrstu deild er deildarmeistari fyrstu deildar.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma. Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

Deildarmeistari Úrvalsdeildar öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.4. Úrslitakeppnin:

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um Íslandsmeistaratitil og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 8.sæti, 2. sæti gegn 7.sæti, 3.sæti gegn 6.sæti og 4.sæti gegn 5.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Að lokinni fyrstu umferð útsláttarkeppni standa eftir 4 lið. Enn verður leikið þar til annað lið hefur sigrað úr tveimur leikjum og munu nú leika saman sigurvegari úr leik 1-8 gegn sigurvegara úr leik 4-5. Á sama hátt munu leika saman sigurvegarar úr leik 2-7 gegn sigurvegara úr leik 3-6. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.8. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum. Það lið sem vinnur 3 leiki er Íslandsmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

4.2.1.9. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í úrslitakeppninni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

4.2.1.10. Mótanefnd er falið að útfæra nánar, fyrir hvert keppnistímabil, fyrirkomulag forkeppninnar og deildarkeppninnar sem byggir á fjölda þátttökuliða hverju sinni.

Verður:

4.2. Deildakeppni karla og kvenna.

4.2.1. Deildaskipting.

4.2.1.1. Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna tímabilið 2005-2006

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. töfluröð og gildir sú röðun einnig um 3. umferð.
- b) 10 lið eða fleiri, ein deild, 2 umferðir.

4.2.1.2. Deildarkeppni.

Það lið sem vinnur deildina er Íslandsmeistari.

Allir leikir í tveimur síðustu umferðunum skulu leiknir á sama tíma og **ber liðum að vera mætt á leikstað þegar leikur hefst. Ef liðið er ekki mætt á tilsettum tíma gilda ákvæði gr. 2.2.13. og 2.2.17. e.** Mótanefnd getur þó breytt leiktíma einstakra leikja. Ef einn eða fleiri leikir geta ekki farið fram á tilsettum tíma, getur mótanefnd ákveðið að fresta öðrum leikjum umferðarinnar.

Í deildarkeppni b) eru leiknar 2 umferðir. Það lið sem verður efst að lokinni deildarkeppni verður Íslandsmeistari. **Í meistaraflokki karla vinna 8 efstu liðin sér inn rétt á að leika í Úrvalsdeild tímabilið 2006-2007. Liðin þar fyrir neðan fara í 1.deild. Í meistaraflokki kvenna verður áfram leikið í einni deild tímabilið 2006-2007.**

HSÍ er ábyrgt fyrir pöntun á ferðum fyrir dómara í leiki út á landsbyggðina og ber að tilkynna þeim ferðaáætlun.

4.2.1.4. Deildarbikar

4.2.1.5. Leikin skal útsláttarkeppni um deildarbikar og verður leikið þannig að lið sem hafnaði í 1.sæti leikur gegn því liði sem hafnaði í 4.sæti og 2. sæti gegn 3.sæti. Í fyrstu umferð verður leikið þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til

oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni.

4.2.1.6. Tekjuskipting skal vera sú að heimalið hlýtur alla innkomu af leikjum nema ef til oddaleiks kemur, þá skulu gestir fá 40% af greiddum aðgangseyri og heimalið 60%, að frádregnum ferðakostnaði gestaliðs, sem skiptist jafnt til helminga, og húsaleigu heimaliðs, sem reiknast allt að 10% af brúttó tekjum og öðrum lögbundnum gjöldum. Þá skal sjónvarpsréttur skiptast til helminga og heimalið fær óskiptan auglýsingarétt.

Þá skal gestalið fá til ráðstöfunar 25% af aðgöngumiðafjölda og að tryggt sé að gestir fái það pláss á áhorfendastæðum gegn þeim miðum sem eru afhentir og skal skila óseldum miðum a.m.k. 1 klst. fyrir leik

4.2.1.7. Þegar þessum leikjum er lokið standa eftir 2 lið sem leika munu þar til annað liðið hefur sigrað í 3 leikjum og skal hver leikur leikinn til þrautar, jafntefli getur ekki orðið. Það lið sem hafnar ofar í deildarkeppni skal ávallt eiga fyrsta leik á heimavelli og komi til oddaleiks skal hann leikinn á heimavelli þess liðs, sem ofar er að lokinni deildarkeppni. Það lið sem vinnur 3 leiki er Deildarbikarmeistari. Tekjuskipting er sú sama og fyrr.

Deildarbikarmeistari öðlast rétt til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup), en verði það lið einnig Íslandsmeistari fær lið nr. 2 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða, en öðlist það lið þátttökurétt í Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup) fær lið nr. 3 þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða.

4.2.1.8. Íslandsmeistari öðlast rétt til þátttöku í Meistarakeppni Evrópu (Champions league). Liðið í 2.sæti í deildinni skal öðlast rétt til þátttöku í Áskorendakeppni Evrópu (Challenge cup) ef það lið er einnig með þátttökurétt í Evrópukeppni félagsliða (EHF cup) eða Evrópukeppni Bikarmeistara (Cupwinners cup), skal það lið sem efst var í deildarkeppninni án þess að vinna þátttökurétt í Evrópukeppni, öðlast þátttökurétt í Áskorendakeppni Evrópu.

Greinargerð: Vantað hefur að skilgreina á milli kvenna og karla deildanna.

Breytingartillaga varðar mætingu á leiki, að 8 efstu lið fari í Úrvalsdeild fyrir árið 2006-2007.

**Þingskjal nr. 09-01
samþykkt.**



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 10-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

4.2.3. 2. flokkur karla:

4.2.3.1. Í 2. flokki karla skal leikið í einni deild, tveimur riðlum.

4.2.3.2. Leikin skal þreföld umferð, heima og að heiman. Mótanefnd raðar í 1. umferð skv. gr. 2.3.

4.2.3.3. Þau lið sem enda í efsta sæti í sínum riðli skulu leika úrslitaleik um hvort liðið endar sem deildarmeistari, leikið er til þrautar, skv 2.3.2. Leikið er á hlutlausum velli og kostnaðarskipting skal vera sú sama og í bikarkeppni.

Að lokinni deildarkeppni er spiluð úrslitakeppni. Í úrslitakeppni skal það lið, sem varð ofar í deildarkeppninni fá heimaleik.

4.2.3.4. Að lokinni deildarkeppni fara 4 efstu lið hvors riðils í undanúrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil og er þá leikinn einn leikur og eru allir leikir í undanúrslitum og úrslitakeppni leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2.

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1a leikur við 4b

Lið nr. 1b leikur við 4a

Lið nr. 2a leikur við 3b

Lið nr. 2b leikur við 3a

Leikið er á heimavelli þess liðs sem ofar varð í riðlakeppninni.

Sigurvegari úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1a-4b við sigurvegara úr leik 2b-3a. Sigurvegari úr leik 1b-4a við sigurvegara úr leik 2a-3b.

4.2.3.5. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistartitill og tapliðin leika um 3. sæti. Alla þessa leiki skal leika til þrautar skv. gr. 2.3.2.

4.2.3.6. Kostnaðarskipting í úrslitakeppni skal vera sú sama og í bikarkeppni

Verður:

Fellur út

Greinargerð: Mikil umræða hefur um það að leggja niður 2.flokk og lengja 3.flokk og kalla hann unglingsflokk vegna væntanlegrar breytinga á deildarkeppni tímabilið 2006-2007.

Þingskjali nr. 10 var vísað til Laganefndar.

Lagt hafði verið til að þingskjali 10 yrði vísað til Millipinganefndar.

Kjartan Ragnarsson frá Fram lagði til að þingskjal nr. 10 yrði samþykkt núna, yrði ekki sett í Millipinganefnd, því það þarfnaðist breytinga strax.

Millipinganefnd skipa:

Pétur Gíslason, Hetti

Áslaug Sigurjónsdóttir, Fjölni

Andrés Gunnlaugsson, Fram

Einar Guðmundsson, Selfossi

Már Svavarsson, Víkingi

Vísun í Millipinganefnd var samþykkt með þorra greiddra atkvæða, 4 atkvæði á móti.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 11-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

<u>Flokkur:</u>	<u>Karlar:</u>	<u>Konur:</u>
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	20 ára og eldri
1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur kvenna		16 ára til 19 ára
3. flokkur	16 og 17 ára	
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	9 ára og yngri	9 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglíngaflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Verður:

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

<u>Flokkur:</u>	<u>Karlar:</u>	<u>Konur:</u>
-----------------	----------------	---------------

Meistaraflokkur **19 ára og eldri 19 ára og eldri**

1. flokkur 30 ára og eldri 24 ára og eldri

Unglingaflokkur 16, 17 og 18 ára 16, 17 og 18 ára

4. flokkur 14 og 15 ára 14 og 15 ára

5. flokkur 12 og 13 ára 12 og 13 ára

6. flokkur 10 og 11 ára 10 og 11 ára

7. flokkur 9 ára og yngri 9 ára og yngri

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með **unglingaflokks**. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., **unglinga**., og 4. flokki karla **og kvenna** að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Greinargerð: Mikil umræða hefur um það að leggja niður 2.flokk og lengja 3.flokk og kalla hann unglíngaflokk vegna væntanlegrar breytinga á deildarkeppni tímabilið 2006-2007.

Þingskjali nr. 11 var vísað til Laganefndar.

Þingskjali nr. 11-00 var vísað til Millipínganefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal**

12.mars 2005

Þingskjal nr: 12-00

4.2.4. Keppni í 3.flokki karla og unglingsflokki kvenna.

4.2.4.1. Í 3.flokki karla og unglingsflokki kvenna skal leikið í tveimur deildum, 1.deild og 2.deild. Skal fjöldi deilda þó miðaður við að fjöldi leikja sé að lágmarki 18 í Íslandsmóti og 22 að hámarki. Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils. Leikið er í 4 riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt.

Riðlar.	A	B	C	D
	1	2	3	4
	8	7	6	5
	9	10	11	12
	16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x25 mínútur og leikhlé 7 mínútur. Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli. Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera hið sama og í 4.flokki.

4.2.4.2. Í deildunum skal leikin þreföld eða fjórföld umferð. Ef leikið er í einni deild þá skal leikin tvöföld umferð og einnig ef 10 lið eru í deild (1.deild eða 2.deild). Leiktími skal vera 2x30 mínútur og leikhlé 10 mínútur.

4.2.4.3 Í úrslitakeppni fara 8 efstu liðin. Leikinn er einn leikur og er leikið til þrautar (útsláttarfyrikomulag), skv. gr. 2.3.2.

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 7 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni. Leikið skal á hlutlausum velli og leikið til þrautar skv. gr. 2.3.2

4.2.4.4. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistartitill og tapliðin leika um 3. sæti. Alla þessa leiki skal leika til þrautar skv. gr. 2.3.2.

4.2.4.5. Kostnaðarskipting í úrslitakeppni skal vera sú sama og í Bikarkeppni.

4.2.4.6. Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í undanúrslita- og úrslitakeppni. Kostnaðarskipting skal vera sú sama og í Bikarkeppninni.

4.2.4.7. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í yngri flokkum greiðir kr. 2.750 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika oddaleik um sæti í úrslitum og þeirra liða sem leika til úrslita í yngri flokkum. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og gjöldum í jöfnunarsjóð dómarakostnaðar.

Verður:

4.2.4. Keppni í **unglingaflokki karla og kvenna**

4.2.4.1. Í **unglingaflokki karla og kvenna** skal leikið í tveimur deildum, 1.deild og 2.deild. Skal fjöldi deilda þó miðaður við að fjöldi leikja sé að lágmarki 18 í Íslandsmóti og 22 að hámarki. Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils. Leikið er í 4 riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt.

Riðlar.	A	B	C	D
	1	2	3	4
	8	7	6	5
	9	10	11	12
	16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x25 mínútur og leikhlé 7 mínútur. Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli. Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera hið sama og í 4.flokki.

4.2.4.2. Í deildunum skal leikin þreföld eða fjórföld umferð. Ef leikið er í einni deild þá skal leikin tvöföld umferð og einnig ef 10 lið eru í deild (1.deild eða 2.deild). Leiktími skal vera 2x30 mínútur og leikhlé 10 mínútur.

4.2.4.3 Í úrslitakeppni fara 8 efstu liðin. Leikinn er einn leikur og er leikið til þrautar (útsláttarfyrikomulag), skv. gr. 2.3.2.

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 7 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni. Leikið skal á hlutlausum velli og leikið til þrautar skv. gr. 2.3.2

4.2.4.4. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistartitill og tapliðin leika um 3. sæti. Alla þessa leiki skal leika til þrautar skv. gr. 2.3.2.

4.2.4.5. Kostnaðarskipting í úrslitakeppni skal vera sú sama og í Bikarkeppni.

4.2.4.6. Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í undanúrslita- og úrslitakeppni. Kostnaðarskipting skal vera sú sama og í Bikarkeppninni.

4.2.4.7. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í yngri flokkum greiðir kr. 2.750 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika oddaleik um sæti í úrslitum og þeirra liða sem leika til úrslita í yngri flokkum. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og gjöldum í jöfnunarsjóð dómarakostnaðar.

Unglingaflokkur karla og kvenna kemur inn í lög HSÍ þar sem áður stóð 2 og 3 .flokkur karla og unglíngaflokkur kvenna.

Greinargerð: Mikil umræða hefur um það að leggja niður 2.flokk og lengja 3.flokk og kalla hann unglingsflokk vegna væntanlegrar breytinga á deildarkeppni tímabilið 2006-2007.

Pingskjali nr. 12 var vísað til Laganefndar.

Nefndin lagði til að þingskjali yrði vísað til Millipinganefndar.

Pingskjali nr. 12-00 var vísað til Millipinganefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 13-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

9. Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ

- 9.1.** Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn HSÍ um skipun þeirra. Skal einn þeirra vera löglærður.
- 9.2.** Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna og starfsmanna liðs á skýrslu í mótum á vegum HSÍ, áhorfenda og forystumanna félaga.

Úrskurður skal lagður á mál á grundvelli atvikalýsingar í skýrslu dómara eða eftirlitsmanns, sbr. grein 9.11.
- 9.3.** Heimilt er að áfrýja til dómsstóls HSÍ úrskurði aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 12 mánuði. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.
- 9.4.** Veita skal refsistig fyrir eftirtalin brot sem hér segir:

a) 1 refsistig fyrir:

- útilokun vegna ólögætrar þátttöku í leik, (16:6,a)

b) 2 refsistig fyrir:

- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

-útilokun fyrir ítrekaða óíþróttamannslegrar hegðunar leikmanns eða starfsmanns liðs í hléi, (16:6 h, sbr.16:13 d)

c) 3 refsistig fyrir:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)

-útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)

d) 5 refsistig fyrir:

-óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)

- endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

e) 8 refsistig fyrir:

- brottvikningu, (16:9 sbr. 8:7, 16:3)

f) 10 refsistig fyrir:

- ofbeldi utan vallar, fyrir, eftir og meðan á leik stendur, (16:6e,f, sbr. 8,7 og 16:13 b,d sbr. 16:8, 4 mgr.sbr.17:11)

g) Tímabundið leikbann.

-2 refsistig fyrir tímabundið leikbann.

Fyrir 2 til 4 vikur 5 refsistig

2 refsistig fyrir hvern byrjaðan mánuð þar á eftir.

9.5. Refsing skal vera sem hér segir:

- fyrir 5 refsistig - 1 leikur bann
- fyrir 10 refsistig - 3 leikir bann
- fyrir 15 refsistig - 6 leikir bann
- fyrir 20 refsistig - 10 leikir bann
- fyrir 25 refsistig - 15 leikir bann

Hafi leikmaður/starfsmaður fengið 1 leiks bann vegna 5 refsistiga, og nær síðan 10 refsistigum, skal hann hljóta þriggja leikja bann til viðbótar.

Nái hann 15 refsistigum kemur 6 leikja bann til viðbótar.

Nái hann 20 refsistigum kemur 10 leikja bann til viðbótar.

Nái hann 25 refsistigum kemur 15 leikja bann til viðbótar.

Fái leikmaður það mörg refsistig í einu, að hann nái eins leiks banni og samtímis 3ja leikja banni, skal hann hljóta fjögurra leikja bann. Sama gildir ef leikmaður nær 6 leikja banni í einum áfanga, skal hann hljóta 10 leikja bann, o.s.frv.

- 9.6.** Fyrir brot sem framin eru utan vallar, þannig að brottvikningu eða útilokun verði ekki við komið, eða annara brota alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmönnum, starfsmönnum, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsast með tímabundnu leikbanni.

Fyrir tímabundið leikbann eru gefin 2 refsistig.

Vari leikbann tvær til fjórar vikur skal gefa 5 refsistig og 2 refsistig fyrir hvern byrjaðan mánuð þar á eftir .

Tímabundið leikbann skal miðast við keppni í landsmóti eða mótum á vegum HSÍ. Tímabil sem engin landsmót fara fram á vegum HSÍ skal ekki teljast með þeim tíma sem leikbann nær yfir. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að lífstíðarbanni. Slíkt bann nær til allra flokka viðkomandi aðila.

- 9.7.** Uppsöfnuð refsistig eru einstaklingsbundin.

- a) Þegar leikmaður má leika með fleiri en einum flokki á sama leiktímabili og nær uppsafnað stigum, sem leiða til leikbanns, skal bannið tekið út í þeim flokki og liði (A, B,C), sem brotið var framið, þ.e. það brot er leiddi til að refsistigum til leikbanns var náð.

b) Ef um starfsmann liðs er að ræða, sem er starfsmaður margra flokka, hvort heldur er hjá sama félagi eða mörgum, gildir sama regla.

c) Ef sami aðili er leikmaður og starfsmaður margra flokka eða félaga, þá gildir sama regla og hér að ofan.

d) Ef refsistigum er náð í meistaraflokki, þannig að ekki sé um leikbann að ræða og síðan náð stigum í öðrum flokkum og leiddu til leikbanns þar, þá skal viðkomandi einnig hljóta leikbann í meistaraflokki þegar samanlögðum stigafjölda í meistaraflokki er náð til refsingar.

Ef leikmaður sem ekki hefur tekið út refsingu sína í viðkomandi flokki, færirst á milli aldursflokka, skal refsing fylgja honum á milli flokka.

Ef leikmaður sem er í leikbanni skiptir um félag, skal refsing fylgja honum á milli félaga.

Óheimilt er að skrá leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni á leikskýrslu, og gildir þá einu hvort hann hlaut bann sem leikmaður eða starfsmaður.

Taka skal út refsingu í leikjum sem fara fram í mótum á vegum HSÍ (undantekning alþjóðamót).

9.8. Ef félag notar leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni, skal umræddur leikur dæmdur því félagi tapaður, sbr. gr. 2.2.18. e-liður Reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

9.9. Refsistig sem leitt hafa til refsingar bætast við ný refsistig á sama leikári og leiða til aukinnar refsingar. Uppsöfnuð refsistig hafa eingöngu áhrif á því keppnistímabili sem þeim er safnað á, en refsing þar til hún er tekin út.

9.10. Ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag. Brot samkvæmt ákvæði þessu getur varðað sektum allt að 100.000,- krónum.

Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekað brot er að ræða skal aganefnd auk fjársektar heimilt að svipta lið heimaleikjum í tiltekinn tíma, þó að hámarki fjórum leikjum. Flytja leiki í önnur hús utan 35 km frá upphaflegum leikstað. Allur greiddur aðgangseyrir renni til útbreiðslumála hjá HSÍ. Hið dæmda félag greiði allan kostnað vegna framkvæmdarinnar t.d. ferðakostnað þeirra fulltrúa HSÍ, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir. Einnig því liði, sem það á að leika við, sannanlegan útgjaldaauka vegna ferðakostnaðar. Þá fellur húsaleiga og kostnaður á leikstað á hið dæmda félag. Aganefnd skal leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli áður en hún úrskurðar um viðurlög samkvæmt þessu ákvæði.

Aganefnd er heimilt að hafa hliðsjón af myndbandsupptökum við afgreiðslu mála af því tagi sem hér um ræðir.

Úrskurði aganefndar sem kveður á um viðurlög samkvæmt 2. mgr. er heimilt að skjóta til stjórnar HSÍ.

Frestur til málskots er 48 klukkustundir frá því að viðkomandi aðila var sannanlega birtur úrskurður aganefndar. (Stjórn HSÍ skal afgreiða málið eins fljótt og auðið er og innan sjö sólahringa frá því að kæra barst.)

- 9.11.** Dómarar viðkomandi leiks eða eftirlitsmaður skulu koma skriflegri skýrslu til aganefndar á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt 9.4., 9.6. og 9.10. gr. innan þriggja sólahringa frá lokum leiks. Í yngri flokkum miðast frestur þessi við lok turneringar.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu framangreindir aðilar skila skýrslu til aganefndar fyrir kl. 12.00 næsta dag eftir að leik lýkur.

- 9.12.** Fram að úrslitakeppni Íslandsmóts skal aganefnd koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri og skulu mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó 3. mgr. Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Úrskurð aganefndar skal tilkynna með skeyti eða símbréfi og netpósti til formanns handknattleiksdeildar sem hlut á að máli. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs hvílir á móttakanda.

Mál vegna brota gr. 9.10. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í 5. mgr. gr. 9.10. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.

Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.

Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.

- 9.13.** Meðan á úrslitakeppni stendur skulu mál vegna brota gegn gr. 9.4. og 9.6. sæta afgreiðslu aganefndar sama dag og kærufresti, samkvæmt 2. mgr. gr. 9.11., lauk. Úrskurð skal tilkynna sama dag og hann er upp kveðinn og öðlast hann gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta dag á eftir.

Ákvæði 2. og 5. mgr. gr. 9.12. gilda um mál samkvæmt 1. mgr.

9.14. Stjórn eða Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd Handknattleiksþróttarinnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

9.15. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000
- d) leikbann

Verður.:

9. Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ

9.1. Skipan aganefndar

9.1.1. Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og skal einn þeirra vera löglærður, einum til vara og sér stjórn HSÍ um skipun þeirra.

9.2. Verkefni aganefndar

9.2.1. Aganefnd skal úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni. Þá úrskurðar nefndin einnig um atvik sem berast henni samkvæmt reglugerð 9.8. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál, sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja, sem fram fara í landinu, enda fjalli ekki aðrir um þau.

9.2.2. Myndbandsupptökur skulu almennt ekki notaðar við ákvörðun refsingar. Ef það er hins vegar mat aganefndar að fyrirbyggjandi gögn séu ófullnægjandi til

úrskurðar er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur í sérstökum tilvikum til ákvörðunar refsingar.

9.3. Starfshættir aganefndar

- 9.3.1** Aganefnd skal koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri fram að úrslitakeppni Íslandsmóts Mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó gr. 9.4.2.

Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði gr. 9.4.1.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu mál vegna brota gegn gr. 9.5. sæta afgreiðslu aganefndar sama dag og kærufresti, samkvæmt 2. mgr. gr. 9.3.3., lauk. Úrskurð skal tilkynna sama dag og hann er upp kveðinn og öðlast hann gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta dag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði gr. 9.4.1.

Ákvæði gr. 9.4.4. gilda um mál samkvæmt 1 og 3. mgr.

- 9.3.2.** Nefndin getur gefið aðilum kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi, ef mál eru alvarlegs eðlis, sem varða þyngstu viðurlög og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum fyrir næsta fund nefndarinnar eftir umræddan atburð.
- 9.3.3.** Dómarar viðkomandi leiks eða eftirlitsmaður skulu koma skriflegri skýrslu til aganefndar á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt gr. 9.5. og 9.7. innan eins sólarhrings frá lokum leiks. Í yngri flokkum miðast frestur þessi við lok turneringar.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu framangreindir aðilar skila skýrslu til aganefndar fyrir kl. 12.00 næsta dag eftir að leik lýkur.

Ef skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns hefur ekki borist til aganefndar innan sólarhrings eftir að leikur fór fram er aganefnd HSÍ heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

9.4 Úrskurður aganefndar

- 9.4.1.** Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi með tölvupósti og símbréfi til formanns handknattleiksdeildar/ráðs eða þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt HSÍ um. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir á móttakanda. Gildistími úrskurðar aganefndar sjá gr. 9.3.1. 2 og 2 mgr. og 9.3.2.

- 9.4.2.** Mál vegna brota gr. 9.7. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í gr. 9.7.5. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.
- 9.4.3.** Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.
- 9.4.4.** Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.
- 9.4.5.** Heimilt er að áfrýja til dómstóls HSÍ úrskurði aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 6 mánuði. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

9.5. Viðurlög við brotum.

9.5.1. a) 1 leikur í bann:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)
- útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)
- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

b) 2 leikir í bann fyrir:

- grófa óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, sem leiðir til útlökunar, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)
- brjóti leikmaður af sér á síðustu mínútu leiks með þeim hætti að kasta sér á andstæðing, leikmann með bolta.
- Grófa endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

c) 3 leikir í bann fyrir:

- brottvikningu, (16:9 sbr. 8:7)

d) 4 leikir í bann fyrir:

- ofbeldi utan vallar, fyrir, eftir og meðan á leik stendur, (16:6e,f, sbr. 8,7 og 16:8, 4 mgr.)

e) Tímabundið leikbann.

- brot sem falla undir gr. 9.5.4.

- 9.5.2.** Leikbönn leikmanns skulu vera stighækkandi. Leikmaður sem hefur einu sinni farið í eins leiks bann fer næst í tveggja leikja bann, svo þriggja leikja bann og svo koll af kolli.
- 9.5.3.** Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófa leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal refsa viðkomandi með leikbanni í allt að 6 leikjum.
- 9.5.4.** Fyrir brot sem framin eru utan vallar, þannig að brottvikningu eða útilokun verði ekki við komið, eða annarra brota alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmönnum, starfsmönnum, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsa með tímabundnu leikbanni.

Tímabundið leikbann skal miðast við keppni í landsmóti eða mótum á vegum HSÍ. Tímabil sem engin landsmót fara fram á vegum HSÍ skal ekki teljast með þeim tíma sem leikbann nær yfir. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að lífstíðarbanni. Slíkt bann nær til allra flokka viðkomandi aðila.

9.6. Afplánun refsinga

- 9.6.1.** Brot framin á einu leiktímabili hafa ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um sumar, skal hann taka út refsinguna í nýjum aldursflokki.
- 9.6.2.** Ef leikmaður sem er í leikbanni skiptir um félag, skal refsing fylgja honum á milli félaga.
- 9.6.3.** Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldurs-flokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki og einstaka liðum (A, B og C) skulu meðhöndlast sérstaklega.
- 9.6.4.** Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómara hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari í öðru félagi,

úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili sem hann tekur út leikbann.

- 9.6.5.** Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.
- 9.6.6.** Óheimilt er að skrá leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni á leikskýrslu, og gildir þá einu hvort hann hlaut bann sem leikmaður eða starfsmaður.
- 9.6.7.** Taka skal út refsingu í leikjum sem fara fram í mótum á vegum HSÍ að undanskildum alþjóðamótum.
- 9.6.8.** Ef félag notar leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni, skal umræddur leikur dæmdur því félagi tapaður, sbr. gr. 2.2.17. e-liður Reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.
- 9.7.** Brot áhorfenda.
- 9.7.1.** Ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag. Brot samkvæmt ákvæði þessu getur varðað sektum allt að 100.000,- krónum.
- 9.7.2.** Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekað brot er að ræða skal aganefnd auk fjársektar heimilt að svipta lið heimaleikjum í tiltekinn tíma, þó að hámarki fjórum leikjum. Flytja leiki í önnur hús utan 35 km frá upphaflegum leikstað. Allur greiddur aðgangseyrir renni til útbreiðslumála hjá HSÍ. Hið dæmda félag greiði allan kostnað vegna framkvæmdarinnar t.d. ferðakostnað þeirra fulltrúa HSÍ, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir. Einnig því liði, sem það á að leika við, sannanlegan útgjaldaauka vegna ferðakostnaðar. Þá fellur húsaleiga og kostnaður á leikstað á hið dæmda félag. Aganefnd skal leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli áður en hún úrskurðar um viðurlög samkvæmt þessu ákvæði.
- 9.7.3.** Aganefnd er heimilt að hafa hliðsjón af myndbandsupptökum við afgreiðslu mála af því tagi sem hér um ræðir í 9.7.1. og 9.7.2.
- 9.7.4.** Úrskurði aganefndar sem kveður á um viðurlög samkvæmt gr. 9.7.2. er heimilt að skjóta til stjórnar HSÍ.
- 9.7.5.** Frestur til málskots er 48 klukkustundir frá því að viðkomandi aðila var sannanlega birtur úrskurður aganefndar sbr. gr. 9.4.1.

Stjórn HSÍ skal afgreiða málið innan sjö sólahringa frá því að kæra barst.

- 9.8.** Ósæmileg framkoma

9.8.1. Stjórn eða Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd Handknattleiksíþróttarinnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

9.8.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000
- d) leikbann

Greinargerð:

Í vetur hafa komið upp mjög alvarleg agabrot þar sem aganefnd hefur verið gagnrýnd fyrir þá dóma sem fallið hafa. Vegna þess hefur aganefndar reglugerðin verið endurskoðuð og þyngd.

Þingskjal nr. 13 var vísað til Laganefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 13-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

9. Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ

9.1. Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og einum til vara og sér stjórn HSÍ um skipun þeirra. Skal einn þeirra vera löglærður.

9.2. Aganefnd skal fjalla um brot leikmanna og starfsmanna liðs á skýrslu í mótum á vegum HSÍ, áhorfenda og forystumanna félaga.

Úrskurður skal lagður á mál á grundvelli atvikalýsingar í skýrslu dómara eða eftirlitsmanns, sbr. grein 9.11.

9.3. Heimilt er að áfrýja til dómsstóls HSÍ úrskurði aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 12 mánuði. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

9.4. Veita skal refsistig fyrir eftirtalin brot sem hér segir:

a) 1 refsistig fyrir:

- útilokun vegna ólögmatrar þátttöku í leik, (16:6,a)

b) 2 refsistig fyrir:

- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

-útilokun fyrir ítrekaða óíþróttamannslegrar hegðunar leikmanns eða starfsmanns liðs í hléi, (16:6 h, sbr.16:13 d)

c) 3 refsistig fyrir:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)

-útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)

d) 5 refsistig fyrir:

-óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)

- endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

e) 8 refsistig fyrir:

- brottvikningu, (16:9 sbr. 8:7, 16:3)

f) 10 refsistig fyrir:

- ofbeldi utan vallar, fyrir, eftir og meðan á leik stendur, (16:6e,f, sbr. 8,7 og 16:13 b,d sbr. 16:8, 4 mgr.sbr.17:11)

g) Tímabundið leikbann.

-2 refsistig fyrir tímabundið leikbann.

Fyrir 2 til 4 vikur 5 refsistig

2 refsistig fyrir hvern byrjaðan mánuð þar á eftir.

9.5. Refsing skal vera sem hér segir:

- fyrir 5 refsistig - 1 leikur bann

- fyrir 10 refsistig - 3 leikir bann

- fyrir 15 refsistig - 6 leikir bann

- fyrir 20 refsistig - 10 leikir bann

- fyrir 25 refsistig - 15 leikir bann

Hafi leikmaður/starfsmaður fengið 1 leiks bann vegna 5 refsistiga, og nær síðan 10 refsistigum, skal hann hljóta þriggja leikja bann til viðbótar.

Nái hann 15 refsistigum kemur 6 leikja bann til viðbótar.

Nái hann 20 refsistigum kemur 10 leikja bann til viðbótar.

Nái hann 25 refsistigum kemur 15 leikja bann til viðbótar.

Fái leikmaður það mörg refsistig í einu, að hann nái eins leiks banni og samtímis 3ja leikja banni, skal hann hljóta fjögurra leikja bann. Sama gildir ef leikmaður nær 6 leikja banni í einum áfanga, skal hann hljóta 10 leikja bann, o.s.frv.

9.6. Fyrir brot sem framin eru utan vallar, þannig að brottvikningu eða útilokun verði ekki við komið, eða annara brota alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmönnum, starfsmönnum, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsa með tímabundnu leikbanni.

Fyrir tímabundið leikbann eru gefin 2 refsistig.

Vari leikbann tvær til fjórar vikur skal gefa 5 refsistig og 2 refsistig fyrir hvern byrjaðan mánuð þar á eftir .

Tímabundið leikbann skal miðast við keppni í landsmóti eða mótum á vegum HSÍ. Tímabil sem engin landsmót fara fram á vegum HSÍ skal ekki teljast með þeim tíma sem leikbann nær yfir. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að lífstíðarbanni. Slíkt bann nær til allra flokka viðkomandi aðila.

9.7. Uppsöfnuð refsistig eru einstaklingsbundin.

a) Þegar leikmaður má leika með fleiri en einum flokki á sama leiktímabili og nær uppsafnað stigum, sem leiða til leikbanns, skal bannið tekið út í þeim flokki og liði (A, B,C), sem brotið var framið, þ.e. það brot er leiddi til að refsistigum til leikbanns var náð.

b) Ef um starfsmann liðs er að ræða, sem er starfsmaður margra flokka, hvort heldur er hjá sama félagi eða mörgum, gildir sama regla.

c) Ef sami aðili er leikmaður og starfsmaður margra flokka eða félaga, þá gildir sama regla og hér að ofan.

d) Ef refsistigum er náð í meistaraflokki, þannig að ekki sé um leikbann að ræða og síðan náð stigum í öðrum flokkum og leiddu til leikbanns þar, þá skal viðkomandi einnig hljóta leikbann í meistaraflokki þegar samanlögðum stigafjölda í meistaraflokki er náð til refsingar.

Ef leikmaður sem ekki hefur tekið út refsingu sína í viðkomandi flokki, færirst á milli aldursflokka, skal refsing fylgja honum á milli flokka.

Ef leikmaður sem er í leikbanni skiptir um félag, skal refsing fylgja honum á milli félaga.

Óheimilt er að skrá leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni á leikskýrslu, og gildir þá einu hvort hann hlaut bann sem leikmaður eða starfsmaður.

Taka skal út refsingu í leikjum sem fara fram í mótum á vegum HSÍ (undantekning alþjóðamót).

9.8. Ef félag notar leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni, skal umræddur leikur dæmdur því félagi tapaður, sbr. gr. 2.2.18. e-liður Reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

- 9.9.** Refsistig sem leitt hafa til refsingar bætast við ný refsistig á sama leikári og leiða til aukinnar refsingar. Uppsöfnuð refsistig hafa eingöngu áhrif á því keppnistímabili sem þeim er safnað á, en refsing þar til hún er tekin út.
- 9.10.** Ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnun leiks, er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag . Brot samkvæmt ákvæði þessu getur varðað sektum allt að 100.000,- krónum.

Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekað brot er að ræða skal aganefnd auk fjársektar heimilt að svipta lið heimaleikjum í tiltekinn tíma, þó að hámarki fjórum leikjum. Flytja leiki í önnur hús utan 35 km frá upphaflegum leikstað. Allur greiddur aðgangseyrir renni til útbreiðslumála hjá HSÍ. Hið dæmda félag greiði allan kostnað vegna framkvæmdarinnar t.d. ferðakostnað þeirra fulltrúa HSÍ, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir. Einnig því liði, sem það á að leika við, sannanlegan útgjaldaauka vegna ferðakostnaðar. Þá fellur húsaleiga og kostnaður á leikstað á hið dæmda félag. Aganefnd skal leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli áður en hún úrskurðar um viðurlög samkvæmt þessu ákvæði.

Aganefnd er heimilt að hafa hliðsjón af myndbandsupptökum við afgreiðslu mála af því tagi sem hér um ræðir.

Úrskurði aganefndar sem kveður á um viðurlög samkvæmt 2. mgr. er heimilt að skjóta til stjórnar HSÍ.

Frestur til málskots er 48 klukkustundir frá því að viðkomandi aðila var sannanlega birtur úrskurður aganefndar. (Stjórn HSÍ skal afgreiða málið eins fljótt og auðið er og innan sjö sólahringa frá því að kæra barst.)

- 9.11.** Dómarar viðkomandi leiks eða eftirlitsmaður skulu koma skriflegri skýrslu til aganefndar á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt 9.4., 9.6. og 9.10. gr. innan þriggja sólahringa frá lokum leiks. Í yngri flokkum miðast frestur þessi við lok turneringar.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu framangreindir aðilar skila skýrslu til aganefndar fyrir kl. 12.00 næsta dag eftir að leik lýkur.

- 9.12.** Fram að úrslitakeppni Íslandsmóts skal aganefnd koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri og skulu mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó 3. mgr. Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði 2. mgr.

Úrskurð aganefndar skal tilkynna með skeyti eða símbréfi og netpósti til formanns handknattleiksdeildar sem hlut á að máli. Áhætta af mistökum við afhendingu skeytis eða símbréfs hvílir á móttakanda.

Mál vegna brota gr. 9.10. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í 5. mgr. gr. 9.10. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.

Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.

Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.

- 9.13.** Meðan á úrslitakeppni stendur skulu mál vegna brota gegn gr. 9.4. og 9.6. sæta afgreiðslu aganefndar sama dag og kærufresti, samkvæmt 2. mgr. gr. 9.11., lauk. Úrskurð skal tilkynna sama dag og hann er upp kveðinn og öðlast hann gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta dag á eftir.

Ákvæði 2. og 5. mgr. gr. 9.12. gilda um mál samkvæmt 1. mgr.

- 9.14.** Stjórn eða Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd Handknattleiksíþróttarinnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.

- 9.15.** Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000
- d) leikbann

Verður:

9. Reglugerð fyrir Aganefnd HSÍ

9.1. Skipan aganefndar

9.1.1. Aganefnd skal skipuð 3 mönnum og skal einn þeirra vera löglærður, einum til vara og sér stjórn HSÍ um skipun þeirra.

9.2. Verkefni aganefndar

9.2.1. Aganefnd skal úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni. Þá úrskurðar nefndin einnig um atvik sem berast henni samkvæmt reglugerð 9.8. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál, sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja, sem fram fara í landinu, enda fjalli ekki aðrir um þau.

9.2.2. Myndbandsupptökur skulu almennt ekki notaðar við ákvörðun refsingar. Ef það er hins vegar mat aganefndar að fyrirliggjandi gögn séu ófullnægjandi til úrskurðar er nefndinni heimilt að styðjast við myndbandsupptökur í sérstökum tilvikum til ákvörðunar refsingar.

9.3. Starfshættir aganefndar

9.3.1 Aganefnd skal koma saman til fundar á þriðjudögum í viku hverri fram að úrslitakeppni Íslandsmóts Mál tekin fyrir og sæta afgreiðslu á næsta fundi eftir að þau berast nefndinni, sbr. þó gr. 9.4.2.

Úrskurður aganefndar tekur gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta fimmtudag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði gr. 9.4.1.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu mál vegna brota gegn gr. 9.5. sæta afgreiðslu aganefndar sama dag og kærufresti, samkvæmt 2. mgr. gr. 9.3.3., lauk. Úrskurð skal tilkynna sama dag og hann er upp kveðinn og öðlast hann gildi klukkan 12:00 á hádegi næsta dag á eftir, enda hafi hann þá verið kynntur hlutaðeigandi í samræmi við ákvæði gr. 9.4.1.

Ákvæði gr. 9.4.4. gilda um mál samkvæmt 1 og 3. mgr.

9.3.2. Nefndin getur gefið aðilum kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi, ef mál eru alvarlegs eðlis, sem varða þyngstu viðurlög og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum fyrir næsta fund nefndarinnar eftir umræddan atburð.

- 9.3.3.** Dómarar viðkomandi leiks eða eftirlitsmaður skulu koma skriflegri skýrslu til aganefndar á þar til gerðu eyðublaði um brot samkvæmt gr. 9.5. og 9.7. innan eins sólarhrings frá lokum leiks. Í yngri flokkum miðast frestur þessi við lok turneringar.

Meðan á úrslitakeppni stendur skulu framangreindir aðilar skila skýrslu til aganefndar fyrir kl. 12.00 næsta dag eftir að leik lýkur.

Ef skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns hefur ekki borist til aganefndar innan sólarhrings eftir að leikur fór fram er aganefnd HSÍ heimilt að vísa viðkomandi máli frá.

9.4 Úrskurður aganefndar

- 9.4.1.** Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi með tölvupósti og símbréfi til formanns handknattleiksdeildar/ráðs eða þess aðila, sem félagið hefur tilkynnt HSÍ um. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSÍ strax að loknum fundi. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts eða símbréfs hvílir á móttakanda. Gildistími úrskurðar aganefndar sjá gr. 9.3.1. 2 og 2 mgr. og 9.3.2.
- 9.4.2.** Mál vegna brota gr. 9.7. reglugerðar þessarar skulu sæta afgreiðslu aganefndar á næsta fundi eftir lok gagnaöflunar. Verði úrskurði ekki skotið til stjórnar HSÍ á grundvelli heimildar í gr. 9.7.5. öðlast hann gildi að málskotsfresti loknum.
- 9.4.3.** Stjórn HSÍ tilkynnir hlutaðeigandi um það hvenær úrskurður í máli sem til hennar hefur verið skotið verði kveðinn upp. Úrskurður stjórnar HSÍ öðlast gildi þegar við uppkvaðningu hans.
- 9.4.4.** Óheimilt er að taka út refsingu áður en úrskurður aganefndar og eftir atvikum stjórnar HSÍ tekur gildi samkvæmt framansögðu.
- 9.4.5.** Heimilt er að áfrýja til dómsstóls HSÍ úrskurði aganefndar sem kveður á um það að leikmaður eða starfsmaður liðs skuli sæta leikbanni í lengri tíma en 6 mánuði. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

9.5. Viðurlög við brotum.

9.5.1. a) 1 leikur í bann:

- útilokun vegna brota er stofna heilsu mótherja í hættu, (16:6,c)

-útilokun vegna grófrar óíþróttamannslegrar framkomu leikmanns eða starfsmanns,(16:6,d sbr. 16:8, 4. mgr. sbr. 17:11)

- útilokun vegna óíþróttamannslegrar hegðunar starfsmanns eftir að einn hefur fengið 2 mínútna brottvísun samkvæmt reglu 16:3d (8:4), (17:6,b)

b) 2 leikir í bann fyrir:

-grófa óíþróttamannslega hegðun gagnvart leikmönnum, áhorfendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum á keppnisstað, sem leiðir til útlökunar, (16 :13 sbr skýringu við leikreglur 6 a)

-brjóti leikmaður af sér á síðustu mínútu leiks með þeim hætti að kasta sér á andstæðing, leikmann með bolta.

- Grófa endurtekna óíþróttamannslega framkomu, (skýrsla dómara)

c) 3 leikir í bann fyrir:

- brottvikningu, (16:9 sbr. 8:7)

d) 4 leikir í bann fyrir:

- ofbeldi utan vallar, fyrir, eftir og meðan á leik stendur, (16:6e,f, sbr. 8,7 og 16:8, 4 mgr.)

e) Tímabundið leikbann.

- brot sem falla undir gr. 9.5.4.

9.5.2. Leikbönn leikmanns skulu vera stighækkandi. Leikmaður sem hefur hlotið hefur bann vegna liðs 9.5.1. a-d hlýtur einn leik til viðbótar hljóti hann bann í annað sinn samkvæmt sömu liðum. Hljóti hann bann í þriðja sinn bætast við 2 leikir. Í fjórða sinn fær hann 3 leiki til viðbótar o.s.frv.

9.5.3. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal refsa viðkomandi með leikbanni í allt að 6 leikjum.

9.5.4. Fyrir brot sem framin eru utan vallar, þannig að brottvikningu eða útilokun verði ekki við komið, eða annarra brota alvarlegs eðlis að mati aganefndar, meðal annars öll brot sem fallið geta undir íslenska hegningarlöggjöf, gagnvart leikmönnum, starfsmönnum, dómurum eða áhorfendum, skal heimilt að refsa með tímabundnu leikbanni.

Tímabundið leikbann skal miðast við keppni í landsmóti eða mótum á vegum HSÍ. Tímabil sem engin landsmót fara fram á vegum HSÍ skal ekki teljast með

þeim tíma sem leikbann nær yfir. Ítrekun getur, ef brot er mjög alvarlegs eðlis, varðað allt að lífstíðarbanni. Slíkt bann nær til allra flokka viðkomandi aðila.

9.6. Afplánun refsinga

- 9.6.1.** Brot framin á einu leiktímabili hafa ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út refsingu þegar leiktímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um sumar, skal hann taka út refsinguna í nýjum aldursflokki.
 - 9.6.2.** Ef leikmaður sem er í leikbanni skiptir um félag, skal refsing fylgja honum á milli félaga.
 - 9.6.3.** Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldurs-flokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki og einstaka liðum (A, B og C) skulu meðhöndlast sérstaklega.
 - 9.6.4.** Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómarrar hafa gengið til búningsklefa að leik loknum. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvöllinum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari í öðru félagi, úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili sem hann tekur út leikbann.
 - 9.6.5.** Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.
 - 9.6.6.** Óheimilt er að skrá leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni á leikskýrslu, og gildir þá einu hvort hann hlaut bann sem leikmaður eða starfsmaður.
 - 9.6.7.** Taka skal út refsingu í leikjum sem fara fram í mótum á vegum HSÍ að undanskildum alþjóðamótum.
 - 9.6.8.** Ef félag notar leikmann eða starfsmann sem er í leikbanni, skal umræddur leikur dæmdur því félagi tapaður, sbr. gr. 2.2.17. e-liður Reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.
- ## **9.7. Brot áhorfenda.**
- 9.7.1.** Ef áhorfendur, þar með taldir forystumenn félaga, gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum eða starfsmönnum leiks, er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag. Brot samkvæmt ákvæði þessu getur varðað sektum allt að 100.000,- krónum.

- 9.7.2.** Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekað brot er að ræða skal aganefnd auk fjársektar heimilt að svipta lið heimaleikjum í tiltekinn tíma, þó að hámarki fjórum leikjum. Flytja leiki í önnur hús utan 35 km frá upphaflegum leikstað. Allur greiddur aðgangseyrir renni til útbreiðslumála hjá HSÍ. Hið dæmda félag greiði allan kostnað vegna framkvæmdarinnar t.d. ferðakostnað þeirra fulltrúa HSÍ, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir. Einnig því liði, sem það á að leika við, sannanlegan útgjaldaauka vegna ferðakostnaðar. Þá fellur húsaleiga og kostnaður á leikstað á hið dæmda félag. Aganefnd skal leita umsagnar þeirra aðila sem hlut eiga að máli áður en hún úrskurðar um viðurlög samkvæmt þessu ákvæði.
- 9.7.3.** Aganefnd er heimilt að hafa hliðsjón af myndbandsupptökum við afgreiðslu mála af því tagi sem hér um ræðir í 9.7.1. og 9.7.2.
- 9.7.4.** Úrskurði aganefndar sem kveður á um viðurlög samkvæmt gr. 9.7.2. er heimilt að skjóta til stjórnar HSÍ.
- 9.7.5.** Frestur til málskots er 48 klukkustundir frá því að viðkomandi aðila var sannanlega birtur úrskurður aganefndar sbr. gr. 9.4.1.

Stjórn HSÍ skal afgreiða málið innan sjö sólahringa frá því að kæra barst.

9.8. Ósæmileg framkoma

- 9.8.1.** Stjórn eða Framkvæmdastjóra HSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd Handknattleiksþróttarinnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.
- 9.8.2.** Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Félag viðkomandi leikmanns eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Viðurlög geta verið eftirfarandi:

- a) áminning
- b) ávítur
- c) sekt að upphæð kr. 30.000
- d) leikbann

9.9. Reglugerð þessi tekur gildi 1.ágúst 2005.

Greinargerð:

Í vetur hafa komið upp mjög alvarleg agabrot þar sem aganefnd hefur verið gagnrýnd fyrir þá dóma sem fallið hafa. Vegna þess hefur aganefndar reglugerðin verið endurskoðuð og þyngd.

Bætt var inn grein 9.5.2.

Þingskjal nr. 13-01 var samþykkt með 1 mótatkvæði.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 12.mars 2005 Þingskjal nr: 14-00

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.11. Eingöngu leikmönnum með gilt leikmannaskírteini er heimil þátttaka í mótum á vegum HSÍ. Kennitala viðkomandi leikmanns skal skráð á leikskýrslu í öðrum flokkum en meistaraflokk karla og kvenna og skal hún einnig notuð sem skírteinisnúmer. Leikmannalistar skulu gilda fyrir meistaraflokk karla og kvenna.

Verður:

Greinin fellur niður og gr. þar á eftir færast upp.

Greinargerð: Þessi grein er óþörf.

Pingskjali nr. 14-00 var vísað til Laganefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Pingskjal nr. 14-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 15-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur: leiktími: leikhlé:

Mfl. A 2x30 mín. 10 mín, nema í úrslitaleikjum
Bikarkeppni HSÍ og í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil skal leikhlé
vera 15 mín.

Mfl. B 2x30 ” 10 “

1.flokkur 2x20 “ 7 “

2.flokkur 2x30 “ 10 “

Unglingaflokkur kvenna 2x30 “ 10 “, nema
undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

3.flokkur 2x30 “ 10 “, nema undanúrslitariðlar þá skal
leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

4.flokkur 2x20 “ 7 “

5.flokkur 2x15 “ 5 “

6.flokkur 2x10 “ 3 “

7.flokkur 2x10 “ 3 “

Verður:

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:	leiktími:	leikhlé:
Mfl. A	2x30 mín.	10 mín
Mfl. B	2x30 ” 10 “	
1.flokkur	2x20 “ 7 “	
2.flokkur	2x30 “ 10 “	
Unglingaflokkur kvenna	2x30 “ 10 “,	nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.
3.flokkur	2x30 “ 10 “,	nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.
4.flokkur	2x20 “ 7 “	
5.flokkur	2x15 “ 5 “	
6.flokkur	2x10 “ 3 “	
7.flokkur	2x10 “ 3 “	

Greinargerð: Hér er verið að samræma reglur við það sem gerist aðþjólega.

Þingskjali nr. 15-00 var vísað til Laganefndar.

Verði 8. flokkur samþykktur bætist hann við í skjalið.

Þingskjal nr. 15-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 16-00**

Tillaga um Reglugerð um Handknattleiksmót
Flutningsaðili: Höttur

2.2.12. Dragi félag lið úr mótí á vegum HSÍ, sem það hefur tilkynnt þátttöku í, skal beita eftirfarandi viðurlögum:

Í yngri flokkum: Sekt kr.30.000, enda hafi liðið verið dregið úr mótí á vegum HSÍ innan 30 daga áður en fyrsti leikur hefst.

Í meistaraflokkum: Sekt kr. 60.000, enda hafi liðið verið dregið úr mótí á vegum HSÍ innan 45 daga áður en fyrsti leikur hefst.

Hafi félag tilkynnt lið til þátttöku í mótí, skal ávallt greiða mótagjöld.

Sektir skulu renna til 16 ára landsliða pílta og stúlkna á vegum HSÍ.

Sömu sektarákvæði gilda um eftirfarandi:

A. Þegar flokkur hættir keppni í mótí eftir að það hefst.

B. Þegar lið mætir ekki í 2 leiki eða fleiri og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ. Auk þess skal liðið falla úr keppni í viðkomandi mótí.

C. Þegar lið mætir ekki til leiks í úrslitakeppni yngri flokka. Skal viðkomandi aldursflokki ekki heimil þátttaka í næsta Íslandsmótí á eftir fyrr en sektin er að fullu greidd.

D. Þegar lið mætir ekki í einn leik og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ, skal félagið sektað um kr. 15.000, en liðið má halda áfram keppni.

Verður:

2.2.12. Dragi félag lið úr móti á vegum HSÍ, sem það hefur tilkynnt þátttöku í, skal beita eftirfarandi viðurlögum:

Í yngri flokkum: Sekt kr.30.000, enda hafi liðið verið dregið úr móti á vegum HSÍ innan 30 daga áður en fyrsti leikur hefst. **Hafi lið hafið leik í móti sem leikið er heima og heiman samkvæmt mótaskrá HSÍ skal upphæð sektarinnar hækka um kr. 15.000 fyrir hvern leik sem liðið hefur leikið í mótinu.**

Í meistaraflokkum: Sekt kr. 60.000, enda hafi liðið verið dregið úr móti á vegum HSÍ innan 45 daga áður en fyrsti leikur hefst. **Hafi lið hafið leik í móti sem leikið er heima og heiman samkvæmt mótaskrá HSÍ skal upphæð sektarinnar hækka um kr. 30.000 fyrir hvern leik sem liðið hefur leikið í mótinu.**

Hafi félag tilkynnt lið til þátttöku í móti, skal ávallt greiða mótagjöld.

Sektir skulu renna til 16 ára landsliða pílta og stúlkna á vegum HSÍ.

Sömu sektarákvæði gilda um eftirfarandi:

- A. Þegar flokkur hættir keppni í móti eftir að það hefst.
- B. Þegar lið mætir ekki í 2 leiki eða fleiri og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ. Auk þess skal liðið falla úr keppni í viðkomandi móti.
- C. Þegar lið mætir ekki til leiks í úrslitakeppni yngri flokka. Skal viðkomandi aldursflokki ekki heimil þátttaka í næsta Íslandsmóti á eftir fyrr en sektin er að fullu greidd.
- D. Þegar lið mætir ekki í einn leik og hefur ekki löglega ástæðu fyrir því að mati mótanefndar HSÍ, skal félagið sektað um kr. 15.000, en liðið má halda áfram keppni.

Greinagerð.

Það hefur komið fyrir ítrekað á undanförunum árum að lið eru að draga sig út úr keppni í íslandsmótum þar sem leikið er heima og heiman eftir að mót er hafið. Slíkt hefur jafnvel komið fyrir í meistaraflokki. Þetta er náttúrulega ákaflega bagalegt og getur hreinlega haft áhrif á niðurröðun og úrslit deildarinnar þar sem að leikir þess liðs sem dregur sig úr keppni falla allir út.

Miðað við núverandi fyrirkomulag gæti e.t.v. sú staða komið upp t.d. í öðrum, þriðja eða unglingsaflokki að lið á Akureyri ætti eftir einn leik í mótinu, hann á að vera í Eyjum. Liðið frá Akureyri á e.t.v. ekki möguleika á að tryggja sig inn í úrslitakeppni og leikurinn skiptir þá því engu máli. Þeir fara að reikna og komast að því að ferðakostnaður við að fara í leikinn væri 250þúsund krónur auk vinnutaps. Sektin við að gefa leikinn væri 100þúsund krónur og ekkert væri vinnutapið. En ódýrast er að segja sig úr mótinu eða 30þúsund krónur. Myndi liðið velja þann kost þá kynni það hinsvegar að hafa það í för með sér að önnur staða liðanna í deildinni breyttist og jafnvel kæmist lið inn í úrslitakeppni sem hefði ekki gert það annars o.s.frv.

Við teljum eðlilegt að beitt sé stighækkandi sektum eftir því hversu mikil áhrif það hefur að segja sig úr mótinu og ekkert sanngirni er í því að lið sem segir sig úr móti áður en það hefjist greiði sömu sekt og lið sem er e.t.v. búið að leika 17 leiki í mótinu (þar af 9 á heimavelli með tilheyrandi kostnaði fyrir útiliðið).

Það er því tillaga okkar að sektin fari að verulegu leiti eftir fjölda leikja sem ógildast við úrsögnina en upphæðir þær sem nefndar eru í breytingatillögunni eru aðeins okkar tillögur og má vel hugsa sér aðrar upphæðir eða að fela stjórn HSÍ að ákvarða þær.

Þingskjali nr. 16-00 var vísað til Laganefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal nr. 16-00 var samþykkt samhljóða.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 12.mars 2005 Þingskjal nr: 17-00

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Verður:

3.1.5. Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1.júní til 1. nóvember og **7.janúar til 30. janúar** ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 15 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmenn, sem ekki voru með A eða B leikmannasamning, og ekki hafa leikið eitt eða fleiri leiktímabil, hafa heimild til félagaskipta utan áður nefndra tímamarka.

Greinargerð: Gert til að opna glugga í janúar þannig að leikmenn fái tækifæri til að koma heim.

Þingskjali nr. 17-00 var vísað til Laganefndar.

Meirihluti Laganefndar lagði til að skjalið yrði samþykkt óbreytt.

Magnús Guðmundsson, Víkingi, taldi tillögu óþarfa. Hann taldi hana orsaka spennu og ójafnvægi.

Örn Magnússon, FH, lagði til að breytingartillögu yrði frestað. Hún muni verða samþykkt síðar.

Bergþóra Sigmundsdóttir tók undir með Erni, í ljósi breytingartillögu fyrir næsta ár. Rétt sé að skoða tillöguna betur. Hún lagði því til að tillaga verði felld.

Frávísunartillaga var samþykkt.

Þingskjal nr. 17-00 var felld með 14 atkvæðum gegn 12.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

12.mars 2005
Þingskjal nr: 18-00

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október. Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn er síðast léku með erlendu félagsliði.

Verður:

3.1.6. Allar beiðnir um félagaskipti skulu berast skrifstofu HSÍ. HSÍ tilkynnir bréflega því félagi, sem óskað er eftir félagaskiptum úr, að komin sé beiðni um félagaskipti. Svari félag ekki innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, teljast félagaskiptin lögleg. HSÍ staðfestir þá félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma leikmaður telst löglegur með nýja félaginu, enda sé leikmaður ekki sammingsbundinn.

Til að öðlast leikheimild á Íslandi, skal félagaskiptaleyfi frá IHF eða EHF vegna leikmanna er síðast léku með erlendu félagsliði, hafa borist skrifstofu HSÍ eigi síðar en á hádegi síðasta virka dag október **fyrir félagaskipti á tímabilinu 1.júní til 1.nóvember eða fyrir hádegi 29.janúar fyrir félagaskipti á tímabilinu 7.janúar til 30.janúar.** Eftir þann tíma eru engin félagaskipti heimiluð fyrir leikmenn er síðast léku með erlendu félagsliði.

Greinargerð: Gert til að opna glugga í janúar þannig að leikmenn fái tækifæri til að koma heim.

Þingskjal 18-00 er í beinu framhaldi af þingskjali 17-00.

Þingskjali 18-00 var vísað til Laganefndar.

Þar sem þingskjal 17 var felld, verður þingskjal 18-00 ósjálfrátt dregið til baka.

Þingskjal nr. 18-00 var dregið til baka.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 19-00**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2.2. Leikmönnum 3.flokks og yngri er þó heimilt að skipta yfir í nýtt félag, ef um flutning lögheimilis að ræða.

3.2.3. Heimilt er að leika með tveimur félögum á sama leikári fari skiptin fram innan ofangreindra marka.

Verður:

Báðar greinarnar eyðist og gr. þar á eftir færast upp.

Greinargerð: Þessar greinar eru óþarfar.

Þingskjali 19-00 var vísað til Laga- og reglnanefndar.

Þingskjal nr. 19-00 var samþykkt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 19-01**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2. Félagaskipti leikmanna 15 ára og yngri.

- 3.2.1.** Leikmönnum 15 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.
- 3.2.2.** Leikmönnum 3.flokks og yngri er þó heimilt að skipta yfir í nýtt félag, ef um flutning lögheimilis að ræða.
- 3.2.3.** Heimilt er að leika með tveimur félögum á sama leikári fari skiptin fram innan ofangreindra marka.

Verður:

3.2. Félagaskipti leikmanna 17 ára og yngri.

- 3.2.1.** Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Greinar 3.2.2. og 3.2.3. eyðast og færast gr. Þar á eftir upp.

Greinargerð:

Nefndin taldi ekki heppilegt að eingöngu sé miðað við 15 ára reglu varðandi flutning milli félaga á miðju leiktímabili. Hún lagði til að miðað verði við 18 ára aldur.

Tillaga samþykkt en auki verði bætt inn grein 3.2.1.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 19-02**

Tillaga um Reglugerð um félagaskipti
Flutningsaðili: HSÍ

3.2. Félagaskipti leikmanna 15 ára og yngri.

- 3.2.1.** Leikmönnum 15 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.
- 3.2.2.** Leikmönnum 3.flokks og yngri er þó heimilt að skipta yfir í nýtt félag, ef um flutning lögheimilis að ræða.
- 3.2.3.** Heimilt er að leika með tveimur félögum á sama leikári fari skiptin fram innan ofangreindra marka.

Verður:

3.2. Félagaskipti leikmanna 17 ára og yngri.

- 3.2.1.** Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert.

Greinar 3.2.2. og 3.2.3. eyðast og færast gr. Þar á eftir upp.

Greinargerð:

Samþykkt var að bæta við grein 3.2.1.

Pingskjal nr. 19-02 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 20-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HK

4.2.4.6. Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í undanúrslita- og úrslitakeppni. Kostnaðarskipting skal vera sú sama og í Bikarkeppninni.

Verður:

4.2.4.6. Dómaranefnd HSÍ skal raða dómarunum á leiki í unglingsflokki kvenna og 3.flokki karla. Dómaranefnd HSÍ skal einnig sjá um dómgæslu í undanúrslita- og úrslitakeppni. Kostnaðarskipting skal vera sú sama og í Bikarkeppninni.

Greinargerð: Þessir krakkar æfa vel og hafa metnað til að ná langt í þessari íþrótt og eru okkar framtíð en því miður er ekki nógur metnaður lagður í þetta hjá mörgum félögum, aðallega vegna kostnaðar. Því leggjum við til að hafa töluna kr. 2.000.- pr dómara pr. leik.

Pingskjali 20-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal 20-00 skuli felld úr gildi.

Pingskjal nr. 20-00 var felld með fáum atkvæðum gegn 6 mótatkvæðum.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 21-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

4.2.4. Keppni í 3.flokki karla og unglingsflokki kvenna.

4.2.4.1. Í 3.flokki karla og unglingsflokki kvenna skal leikið í tveimur deildum, 1.deild og 2.deild. Skal fjöldi deilda þó miðaður við að fjöldi leikja sé að lágmarki 18 í Íslandsmóti og 22 að hámarki. Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils. Leikið er í 4 riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt.

Riðlar.	A	B	C	D
1	2	3	4	
8	7	6	5	
9	10	11	12	
16	15	14	13	

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x25 mínútur og leikhlé 7 mínútur. Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli. Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera hið sama og í 4.flokki.

4.2.4.2. Í deildunum skal leikin þreföld eða fjórföld umferð. Ef leikið er í einni deild þá skal leikin tvöföld umferð og einnig ef 10 lið eru í deild (1.deild eða 2.deild). Leiktími skal vera 2x30 mínútur og leikhlé 10 mínútur.

4.2.4.3 Í úrslitakeppni fara 8 efstu liðin. Leikinn er einn leikur og er leikið til þrautar (útsláttarfyrikomulag), skv. gr. 2.3.2.

Liðin raðast þannig:

- Lið nr. 1 og nr. 8
- Lið nr. 2 og nr. 7
- Lið nr. 3. og nr. 6
- Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 7 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni. Leikið skal á hlutlausum velli og leikið til þrautar skv. gr. 2.3.2

4.2.4.4. Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistararitill og tapliðin leika um 3. sæti. Alla þessa leiki skal leika til þrautar skv. gr. 2.3.2.

4.2.4.5. Kostnaðarskipting í úrslitakeppni skal vera sú sama og í Bikarkeppni.

4.2.4.6. Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í undanúrslita- og úrslitakeppni. Kostnaðarskipting skal vera sú sama og í Bikarkeppninni.

4.2.4.7. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í yngri flokkum greiðir kr. 2.750 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika oddaleik um sæti í úrslitum og þeirra liða sem leika til úrslita í yngri flokkum. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og gjöldum í jöfnunarsjóð dómarakostnaðar.

Verður:

4.2.4. Keppni í 3.flokki karla og unglíngaflokki kvenna.

4.2.4.1. Í 3.flokki karla og unglíngaflokki kvenna skal leikið í tveimur deildum, 1. deild og 2. deild. Skal fjöldi deilda og umferða á Íslandsmóti miðaður við að fjöldi leikja sé um 20.

Raða skal í deildir að undangengnu niðurröðunarmóti í upphafi keppnistímabils.

Leikið er í riðlum og skulu riðlarnir raðast eftir úrslitum síðasta tímabils.

Niðurröðunarmótið skal leika á eftirfarandi hátt miðað við 4 riðla

Riðlar.	A	B	C	D
	1	2	3	4
	8	7	6	5
	9	10	11	12
	16	15	14	13

Leiktími í niðurröðunarmótinu skal vera 2x25 mínútur og leikhlé 7 mínútur.

Leikið skal á heimavelli efsta liðsins í hverjum riðli.

Heimalið útvegar dómara í sinn riðil og skal keppnisgjald vera hið sama og í 4.flokki.

4.2.4.2. Að lokinni deildarkeppni fara 8 efstu liðin í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn og er þá leikinn einn leikur í hverju einvígi. Allir leikir í úrslitakeppninni eru leiknir til þrautar, skv gr. 2.3.2. Skulu allir leikir í úrslitakeppninni fara fram á hlutlausum velli. Kostnaðarskipting í úrslitakeppninni skal vera sú sama og í bikarkeppni. (sjá nánar gr.5.7)

Liðin raðast þannig:

Lið nr. 1 og nr. 8

Lið nr. 2 og nr. 7

Lið nr. 3. og nr. 6

Lið nr. 4 og nr. 5

Ef leikið er í tveim deildum þá kemur lið nr. 1 í 2. deild inn fyrir lið nr. 7 úr 1. deild. Lið nr. 7 í 1. deild leikur aukaleik við lið nr. 2 í 2. deild um sæti nr. 8 í úrslitakeppni.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika síðan krossspil. Sigurvegari úr leik 1-8 við sigurvegara úr leik 4-5. Sigurvegari úr leik 2-7 við sigurvegara úr leik 3-6.

Sigurvegarar úr þessum leikjum leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn og tapliðin leika um 3. sæti.

Greinar 4.2.4.3, 4.2.4.4 og 4.2.4.5 falla brott og aðrar greinar færast upp sem því nemur.

4.2.4.3. Félögin sjá um dómara í deildarkeppninni, en Dómaranefnd HSÍ í úrslitakeppninni.

4.2.4.4. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í 3 flokki karla og unglíngaflokki kvenna skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika í krossspili og til úrslita skv. gr. 4.2.4.2. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og taka sömu breytingum og kveðið er á um í gr. 3.1.11.

Greinargerð:

Tilgangurinn með ofangreindum breytingum, sem þó eru að verulegu leyti orðalagsbreytingar, er að gera reglugerðina um keppni í 3 flokki karla og unglíngaflokki kvenna skýrari og heilsteypari.

Þingskjali nr. 21-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal 21-01 skyldi samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 21-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 22-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

4.2.5.9. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í yngri flokkum greiðir kr. 2.750 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika oddaleik um sæti í úrslitum og þeirra liða sem leika til úrslita í yngri flokkum. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og gjöldum í jöfnunarsjóð dómarakostnaðar.

Verði

4.2.5.9. Ferðajöfnunarsjóður:

Hvert félag sem tilkynnir þátttöku í 4 flokki karla og kvenna skal greiða kr. 3.000 fyrir hvern tilkynntan flokk til keppni sem rennur til að jafna ferðakostnað þeirra liða sem leika í krosspili og til úrslita (sæti 1-3) skv. gr. 4.2.5.5. Gjald þetta skal innheimt með þáttökugjöldum og taka sömu breytingum og kveðið er á um í gr. 3.1.11.

Greinargerð:

Verið að laga þetta samkvæmt mótafyrirkomulagi.

Þingskjal nr. 22-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 22-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 23-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Fram

Ný grein

4.2.5.10. Keppnisreglur eru:

Óheimilt er að taka úr umferð í 4. flokki karla og kvenna. (Taka úr umferð er þegar einum, eða fleiri leikmönnum er meinað að fá boltann, það er engin leið er að koma til hans boltanum).

Greinargerð:

Oft á tíðum er verið að hefta þroska leikmanna í 4. flokki – þeir sem betri eru fá ekki að spila með sínum jafnöldrum sökum þess að þeir eru alltaf teknir úr umferð. Þetta kemur í veg fyrir það að þessir leikmenn nái að bæta sig og einnig þarf varnarliðið þá aldrei að spila vörn gegn góðum leikmanni. Með því að banna þetta, er hægt að ná fram fleiri afburða leikmönnum, bæði sóknar- og varnarmenn.

- 4.2.7.5.** Hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni, ekki skal auðkenna liðin með bókstöfum, heldur gefur hver þjálfari sínu lið nafn eða auðkenni. Þátttakendur í hverju liði skulu ekki vera fleiri en 12.
- 4.2.7.6.** Í mótum, eins og um getur í grein 4.2.8.4. gr. hér að ofan, skal leiktími vera 2 x 10 mínútur með 3 mínútna leikhléi.
- 4.2.7.7.** Boltastærð skal vera 45 cm eða minni, og mótshaldari ræður gerð keppnisboltanna, þ.e. hvort keppt er með leður- eða mjúkbolta, hæð marka skal vera 160-170 cm.
- 4.2.7.8.** Keppnisreglur eru:
- Allir leikmenn liðsins skulu taka þátt í leiknum. Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (undantekning hraðaupphlaup andstæðings). Óheimilt er að taka úr umferð.
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu
- Notkun klísters er óheimil.

4.2.7.9. Einn dómari skal dæma í leik. Dómarinn skal vera leiðbeinandi, hann skal benda þátttakendum á hvað er gert rangt og hvers vegna þarf að dæma aukakast ef þau gerast brotleg. Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í 7. flokki. Dómarinn getur við ítrekuð brot einstakra leikmanna látið þjálfara skipta um viðkomandi leikmann. Spjöldum og brottvísunum skal ekki beitt í mótum þessa flokks.

4.2.7.10. Keppni í 7. flokki skal fyrst og fremst notuð til hvatningar, fjölbreytni og spennu, auk þess keppni ef þau óska þess sjálf.

4.2.7.11. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, um leið falla niður allar tilvísanir um keppni í 7. flokki karla og kvenna í reglugerð um handknattleiksmót og reglugerð um keppni í 5., 6. og 7. flokk karla og kvenna.

Verður:

4.2.7. Mót í 7. flokki karla og kvenna:

4.2.7.1. Mótafyrirkomulag

Halda skal árlega 3 sjálfstæð mót í 7.flokki

Séu verðlaun í boði, skulu allir hljóta sömu verðlaun eða viðurkenningu fyrir þátttöku í mótinu.

Skulu þessi mót ekki vera Íslandsmót né stigamót sem veita meistaratitla af einhverju tagi

4.2.7.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir hvert mót, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknnum um mótahald í 7. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félögin sem fá úthlutað móti eða mótum skulu staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótisdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að

öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annarra félaga, sem geta haldið þau á viðkomandi dagsetningum.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgar í þeim húsum sem 7. flokks mót eru haldin, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.7.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félög geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsgögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsgögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í riðla og leikjaplan.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.

4.2.7.4. Hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni, ekki skal auðkenna liðin með bókstöfum, heldur raðar þjálfari liðunum sínum niður eftir styrkleika. Þátttakendur í hverju liði skulu ekki vera fleiri en 12.

4.2.7.5. Leikreglur

- Allir leikmenn liðsins skulu taka þátt í leiknum.
- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (nema þegar hlaupið er til baka í vörn. Óheimilt er að snúa til baka og hlaupa aftur í átt að marki andstæðings til þess að fiska boltann. Heimilt er þó að fiska bolta utan punktalínu ef staðið er báðum fótum innan punktalínu.)
- Óheimilt er að taka úr umferð.
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu
- Notkun klísters er óheimil.

4.2.7.6. Dómgæsla

- Einn dómari skal dæma í leik.
- Dómarinn skal vera leiðbeinandi.
- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í 7. flokki.
- Dómarinn getur við ítrekuð brot einstakra leikmanna látið þjálfara skipta um viðkomandi leikmann.
- Spjöldum og brottvísunum skal ekki beitt í mótum þessa flokks.

Greinargerð:

Hér er verið að stofna “hreinsa” reglugerðina um 7.flokk og setja þar inn greinar sem vantaði.

Þingskjali nr. 36-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal nr. 36-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005**

Pingskjal nr: 37-00

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

Ný grein

Verður:

4.2.8. Keppni í 8. flokki

4.2.8.1. Mótafyrirkomulag

- Halda skal árlega eitt mót í 8.flokki
- Séu verðlaun í boði, skulu allir hljóta sömu verðlaun eða viðurkenningu fyrir þátttöku í mótinu.
- Skulu þessi mót ekki vera Íslandsmót né stigamót sem veita meistaratitla af einhverju tagi

4.2.8.2. Úthlutun móta

Mótanefnd skal hlutast til um að skipa umsjónaraðila fyrir mótið, sem ber ábyrgð á framkvæmd og rekstri þess. Mótanefnd skal sannreyna getu og hæfni umsjónaraðila til að halda slík mót, sérstaklega með tilliti til gistingar, keppnishúsnæðis, starfsmanna og annars þess er slíkt mótshald hefur í för með sér.

Umsóknum um mótahald í 8. flokki skal skila til mótanefndar HSÍ fyrir 15.maí ár hvert. Mótanefnd úthlutar síðan mótum samkvæmt vinnureglum sínum.

Úthlutun móta skal send út frá mótanefnd í byrjun september ár hvert.

Félagið sem fær úthlutað móti skal staðfesta með samþykki sínu úthlutunina og mótisdagsetningar innan 15 daga frá útsendingu úthlutunar að öðrum kosti verða viðkomandi mót sett í umsjón annars félags, sem geta haldið það á viðkomandi dagsetningu.

Skrifstofa HSÍ og mótanefnd skulu sjá til þess að leikir í öðrum flokkum þ.m.t. í meistaraflokki karla og kvenna séu undir engum kringumstæðum settir á mótahelgina í þeim húsum sem 8. flokks mót eru haldið, nema að tryggt sé að viðkomandi leikur hefjist ekki fyrr en að loknu mótinu dag hvern.

4.2.8.3. Mótahald:

Tilkynningu um mót, þar sem fram koma upplýsingar um mótið og hvernig félög geta skráð sín lið til keppni og skráningarfrest, skal mótshaldari senda út eigi síðar en 2 vikum fyrir mót.

Niðurröðun í riðla og leikjaplan skal liggja fyrir í síðasta lagi á mánudegi fyrir mót (m.v. að mót hefjist á föstudegi). Eftir það skal eigi gera breytingar á leikjaplani nema einhver mistök hafi verið gerð og /eða alvarlegir ágallar séu á niðurröðuninni. Félag geta ekki bætt við liðum eftir að leikjaplan hefur verið gefið út og ef félag fellir lið úr keppni eftir að leikjaplan hefur verið gefið út falla leikir þess liðs niður, en atvikið skal tilkynnast mótanefnd og skal hún ákveða hvort um óviðráðanlegar orsakir hafi verið að ræða eða hvort beita skal viðurlögum.

Mótshaldari skal dreifa mótsögnum til þjálfara þegar þeir mæta til leiks. Mótsögn innihalda upplýsingar um mótið, skiptingu í riðla og leikjaplan.

Fulltrúi mótshaldara þarf að vera á staðnum allan mótstímann. Reglur og lög HSÍ þurfa að vera til staðar.

Mótshaldari þarf að sjá til þess að klefar séu merktir félögum á mótsstað, að keppnisvellir og mörk séu í góðu lagi, að sjoppa og aðstaða fyrir áhorfendur sé til staðar og að geymsla sé til staðar fyrir fjármuni keppenda.

Við uppröðun leikjaplans skal hafa eftirfarandi til hliðsjónar.

- Ef hægt er, skal klára riðil eða deild á sama degi.
- Ekki láta lið mæta á leikstað fyrir aðeins 1 leik.
- Reynt skal að taka tillit til félaga, sem koma úr öðrum bæjarfélögum, fjarri keppnisstað, einkum ef félög hafa óskað eftir því.

4.2.8.4. Hvert félag má senda fleiri en eitt lið til keppni, ekki skal auðkenna liðin með bókstöfum, heldur raðar þjálfari liðunum sínum niður eftir styrkleika. Þátttakendur í hverju liði skulu ekki vera fleiri en 10.

4.2.8.5. Leikreglur

- Spila skal samkvæmt “Miniboltareglum” EHF.
- Allir leikmenn liðsins skulu taka þátt í leiknum.
- Óheimilt er að leika vörn utan punktalínu (undantekning hraðaupphlaup andstæðings).
- Óheimilt er að taka úr umferð.
- Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu
- Notkun klísturs er óheimil.

4.2.8.6. Dómgæsla

- Einn dómari skal dæma í leik.
- Dómarinn skal vera leiðbeinandi.
- Munnlegar áminningar vegna ítrekaðra brota eru einu viðurlögin sem beita má í 8. flokki.
- Dómarinn getur við ítrekuð brot einstakra leikmanna látið þjálfara skipta um viðkomandi leikmann.
- Spjöldum og brottvísunum skal ekki beitt í mótum þessa flokks.

Greinargerð:

Hér er verið að stofna 8.flokk formlega.

Þingskjal nr. 37-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal nr. 37-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 38-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

<u>Flokkur:</u>	<u>Karlar:</u>	<u>Konur:</u>
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	20 ára og eldri
1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur kvenna		16 ára til 19 ára
3. flokkur	16 og 17 ára	
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	9 ára og yngri	9 ára og yngri

Verður:

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

<u>Flokkur:</u>	<u>Karlar:</u>	<u>Konur:</u>
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	20 ára og eldri
1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur kvenna		16 ára til 19 ára
3. flokkur	16 og 17 ára	
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára

5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	9 ára og yngri	9 ára og yngri
8. flokkur	7 ára og yngri	7 ára og yngri

Greinargerð: Hér er verið að stofna 8.flokk.

Pingskjali nr. 38-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 38-01**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur: _____ Karlar: _____ Konur: _____

Meistaraflokkur 21 árs og eldri 20 ára og eldri

1. flokkur 30 ára og eldri 24 ára og eldri

2. flokkur 18, 19 og 20 ára

Unglingaflokkur kvenna 16 ára til 19 ára

3. flokkur 16 og 17 ára

4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	9 ára og yngri	9 ára og yngri

Verður:

2.1.3. Keppendum í handknattleik skal skipt í aldursflokka á eftirfarandi hátt og miðast við almanaksárið. 01.01.–31.12., þannig að keppendur séu á tilgreindum aldri árið sem keppnistímabil hefst:

Flokkur:	Karlar:	Konur:
Meistaraflokkur	21 árs og eldri	20 ára og eldri
1. flokkur	30 ára og eldri	24 ára og eldri
2. flokkur	18, 19 og 20 ára	
Unglingaflokkur kvenna	16 ára til 19 ára	
3. flokkur	16 og 17 ára	
4. flokkur	14 og 15 ára	14 og 15 ára
5. flokkur	12 og 13 ára	12 og 13 ára
6. flokkur	10 og 11 ára	10 og 11 ára
7. flokkur	8 og 9 ára	8 og 9 ára
8. flokkur	7 ára og yngri	7 ára og yngri

Greinargerð: Hér er verið að stofna 8. flokk.

Lögð var fram breytingartillaga á flokkaskipan: 7. flokkur 8 og 9 ára.

Pingskjal nr. 38-01 var samþykkt einróma.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 39-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur: leiktími: leikhlé:

Mfl. A 2x30 mín. 10 mín, nema í úrslitaleikjum
Bikarkeppni HSÍ og í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil skal leikhlé
vera 15 mín.

Mfl. B 2x30 ” 10 “

1.flokkur 2x20 “ 7 “

2.flokkur 2x30 “ 10 “

Unglingaflokkur kvenna 2x30 “ 10 “, nema
undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

3.flokkur 2x30 “ 10 “, nema undanúrslitariðlar þá skal
leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

4.flokkur 2x20 “ 7 “

5.flokkur 2x15 “ 5 “

6.flokkur 2x10 “ 3 “

7.flokkur 2x10 “ 3 “

Verður:

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur:	leiktími:	leikhlé:
Mfl. A Bikarkeppni HSÍ og í úrslitakeppni vera 15 mín.	2x30 mín.	10 mín, nema í úrslitaleikjum um Íslandsmeistaratitil skal leikhlé
Mfl. B	2x30 ” 10 “	
1.flokkur	2x20 “ 7 “	
2.flokkur	2x30 “ 10 “	
Unglingaflokkur kvenna undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé	2x30 “ 10	“, nema 7 mínútur.
3.flokkur leiktími vera 2x20 og leikhlé	2x30 “ 10	“, nema undanúrslitariðlar þá skal 7 mínútur.
4.flokkur	2x20 “ 7 “	
5.flokkur	2x15 “ 5 “	
6.flokkur	2x10 “ 3 “	
7.flokkur	2x10 “ 3 “	
8.flokkur	2x10 “ 3 “	

Greinargerð: Laga með 8.flokk

Pingskjali nr. 39-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 39-01**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur: leiktími: leikhlé:

Mfl. A 2x30 mín. 10 mín, nema í úrslitaleikjum
Bikarkeppni HSÍ og í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil skal leikhlé
vera 15 mín.

Mfl. B 2x30 ” 10 “

1.flokkur 2x20 “ 7 “

2.flokkur 2x30 “ 10 “

Unglingaflokkur kvenna 2x30 “ 10 “, nema
undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

3.flokkur 2x30 “ 10 “, nema undanúrslitariðlar þá skal
leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

4.flokkur 2x20 “ 7 “

5.flokkur 2x15 “ 5 “

6.flokkur 2x10 “ 3 “

7.flokkur 2x10 “ 3 “

Verður:

2.1.13. Leiklengd í Íslandsmóti skal vera sem hér segir:

Karlar og konur: leiktími: leikhlé:

Mfl. A 2x30 mín. 10 mín, mín.

Mfl. B 2x30 ” 10 “

1.flokkur 2x20 “ 7 “

2.flokkur 2x30 “ 10 “

Unglingaflokkur kvenna 2x30 “ 10 “, nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

3.flokkur 2x30 “ 10 “, nema undanúrslitariðlar þá skal leiktími vera 2x20 og leikhlé 7 mínútur.

4.flokkur 2x20 “ 7 “

5.flokkur 2x15 “ 5 “

6.flokkur 2x10 “ 3 “

7.flokkur 2x10 “ 3 “

8.flokkur 2x10 “ 3 “

Greinargerð: Laga með 8.flokk

Allsherjarnefnd lagði til breytingar á leiktíma og leikhléi hjá 8. flokki.

Pingskjal nr. 39-01 var samþykkt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 40-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglíngaflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Verður:

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglíngaflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. **og 8.** flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Greinargerð: Laga með 8.flokk

Pingskjali nr. 40-00 var vísað til Allsherjarnefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 40-01**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.5. Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglíngaflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Verður:

2.1.5. Í 5. og 6. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 15 leikmenn á skýrslu. Í 7. og 8. flokki karla og kvenna er heimilt að hafa 12 leikmenn á skýrslu.

Greinargerð: Laga með 8.flokk

*Athuga leikreglur 1. ágúst 2005. Fella út **Heimilt er í meistara-, 1., 2., 3., og 4. flokki karla og unglingsflokki og 4.flokki kvenna að hafa 14 leikmenn á skýrslu***

Aðrar breytingartillögur þóttu óþarfar í ljósi þeirra alhliða breytinga sem eru í vændum.

Þingskjal nr. 40-01 var samþykkt.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 41-00**

Tillaga um Reglugerð um handknattleiksmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 7. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldersflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Verður:

2.1.4. Yngri flokkar teljast frá og með 8. flokki til og með 2. flokks. Hverjum aldursflokki má skipta niður í deildir og flokka eftir styrkleika (1. deild, 2. deild, 2. flokkur A,B,C, o.s.frv.). Heimilt er að leika með allt að þremur flokkum í sama móti.

Greinargerð: Laga með 8.flokk

Þingskjali nr. 41-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 41-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 42-00**

Tillaga um Reglugerð um Bikarkeppni
Flutningsaðili: Mótanefnd HSÍ

5.7. Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. Húsaleiga skal aldrei verða meiri en 10% af aðgangseyri. Heimalið skal hafa til ráðstöfunar 50% af aðgöngumiðafjölda og gestir 50%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik.

Leikur skal gerður upp á leikstað eftir leik. Ef sannanlegt þykir að mati mótanefndar að annað liðið hefur ekki gert upp eigi síðar en 3 dögum eftir leik skulu vanskilaákvæði gr. 2.2. Reglugerðar HSÍ um Handknattleiksmót gilda fyrir félag í vanskilum. Árs- og boðsmiðar gilda ekki á bikarleik nema samkomulag milli viðkomandi félaga hafi náðst.

Verður

5.7. Ágóða eða tapi af hverjum leik skal skipta jafnt milli leikaðila. Ferðakostnaður til og frá leikstað, skal teljast kostnaður vegna leiks og skiptast jafnt á leikaðila. **Gestaliðið skal leggja fram sönnun fyrir útlögðum ferðakostnaði. Ferðakostnaður getur verið kostnaður vegna allt að 19 manns hjá meistaraflokkum, þ.e. 14 leikmenn, starfsmenn A, B, C og D og einum stjórnarmanni, og allt að 15 manns hjá yngri flokkum, þ.e. 14 leikmenn og starfsmanni A.** Húsaleiga skal aldrei verða meiri en 10% af aðgangseyri. Heimalið skal hafa til ráðstöfunar 50% af aðgöngumiðafjölda og gestir 50%. Gestir skulu skila óseldum miðum a.m.k. 1. klst. fyrir leik.

Leikur skal gerður upp á leikstað eftir leik. Ef sannanlegt þykir að mati mótanefndar að annað liðið hefur ekki gert upp eigi síðar en 3 dögum eftir leik skulu vanskilaákvæði gr. 2.2. Reglugerðar HSÍ um Handknattleiksmót gilda fyrir félag í vanskilum. Árs- og boðsmiðar gilda ekki á bikarleik nema samkomulag milli viðkomandi félaga hafi náðst.

Greinargerð:

Borið hefur á því undanfarin misseri að gestalið hafi ekki fært rök fyrir kostnaði vegna ferðalaga. Gerð er sú krafa að hann sé sammannlegur. Auk þess hafa verið áhöld um það fyrir hve marga þetta ákvæði gildir. Rök mótanefndar eru þau að báðir aðilar taki jafnan þátt í ferðakostnaði þeirra aðila sem geta verið á skýrslu, þ.e. allt að 18 manns (ef ekki eru 18 manns á skýrslu þá fækkar þeim um þá sem ekki eru þar) og að auki fyrir einn stjórnarmann gestaliðsins sem verður að vera viðstaddur leikinn og miðasölu til að gæra hagsmuna liðs síns.

Þingskjali nr. 42-00 var vísað til Laga- og reglnanefndar.

Nefnd lagði til að þingskjal yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 42-00 var samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum.



48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 12.mars 2005 Þingskjal nr: 43-00

Tillaga um Reglugerð um dómarnefnd, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Fram

11.2.5. Dómaranefnd gefur út dómaraskírteini að afloknum haustfundi, prófum og upprifjunarnámskeiðum og eru þau í gildi fram að næstu reglulegri endurnýjun.

Verður:

11.2.5. HSÍ gefur út dómaraskírteini að aflokinni kynningu dómaranefndar á leikreglu- og áherslubreytingum og eru þau í gildi fram að næstu reglulegu endurnýjun.

Rökstuðningur:

Þörf er á því að gefa félögunum möguleika á að manna leiki með dómurum sem eru með réttindi. Margir eru tilbúnir til þess að dæma fyrir sitt félag – að því gefnu að þeir fái dómaraskírteini – en hafa ekki tíma, eða vilja, til að sitja 2-3 daga á fundi með kynningum á leikreglu- og áherslubreytingum sem ljúka má með tölvupósti og heimaprófi.

Þingskjali nr. 43-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að unnið verði betur með þingskjöl áður en þau skyldu lögð undir atkvæði. Þingskjal skyldi því fellt.

Niðurfelling skjals var samþykkt með fáum atkvæðum gegn 3.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 44**

Tillaga um Reglugerð um dómaranefnd, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Fram

11.2.13 Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. Skylda hvers dómara er að mæta á haustfund sem dómaranefnd boðar til og eru félögin ábyrg fyrir því að dómara mæti. Virkir dómara teljast þeir sem hafa mætt á haustfundinn. Að loknum haustfundi mun dómaranefnd HSÍ gefa út dómarskírteini, því til staðfestingar. Nefndarmenn dómaranefndar HSÍ, stjórnarmenn HDSÍ, nefndarmenn mótanefndar HSÍ og eftirlitsmenn dómaranefndar og heiðursfélagar HDSÍ, sem hlotið hafa dómara réttindi, teljast virkir dómara og hafa frían aðgang að öllum leikjum í handknattleik, hvar sem er á landinu

Verður:

11.2.13 Hver aðili innan HSÍ skal ávallt hafa virka dómara innan sinna vébanda. *Æskilegt er að hver dómari mæti á haustfund sem dómaranefnd boðar til. Þeir sem ekki mæta á haustfundinn skulu fá sendar leikreglubreytingar og áherslur og skulu þeir standast heimapróf úr þeim til þess að fá útgefið skírteini. Skal þessum kynningum og prófum vera lokið fyrir septemberlok á hverju ári. Virkir dómara teljast þeir sem standast heimapróf úr leikreglum og áherslum og hafa dæmt 12 leiki tímabilið á undan. Að loknu heimaprófi gefur HSÍ út dómarskírteini.*

Rökstuðningur:

Þörf er á því að gefa félögunum möguleika á að manna leiki með dómurum sem eru með réttindi. Margir eru tilbúnir til þess að dæma fyrir sitt félag – að því gefnu að þeir fái dómarskírteini – en hafa ekki tíma, eða vilja, til að sitja 2-3 daga á fundi með kynningum á leikreglu- og áherslubreytingum sem ljúka má með tölvupósti og heimaprófi.

Þingskjali nr. 44-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til að þingskjal skuli fellt niður.

Þingskjali nr. 44-00 var fellt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 45-00**

Tillaga um Reglugerð um dómara nefnd, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: Fram

11.2.14. Félög sem taka þátt í efstu deild mfl karla og kvenna er skylt að hafa lágmark 4 starfsmenn, sem hafa tekið námskeið í ritara- og tímavörslu. Þessir starfsmenn eru þeir einu sem geta starfað sem ritara- og tímaverðir í efstu deild mfl karla og kvenna. Námskeið er haldið fyrir upphaf hvers tímabils og þegar þurfa þykir að mati dómara nefndar.

Verður:

11.2.14. Félög sem taka þátt í efstu deild mfl karla og kvenna er skylt að hafa lágmark 4 starfsmenn, sem hafa tekið námskeið í ritara- og tímavörslu. Þessir starfsmenn ásamt virkum land- og héraðsdómurum eru þeir einu sem geta starfað sem ritara- og tímaverðir í efstu deild mfl karla og kvenna. Námskeið er haldið fyrir upphaf hvers tímabils og þegar þurfa þykir að mati dómara nefndar.

Greinargerð: Lands- og héraðsdómarar eiga að vera búnir að taka próf í leikreglunum og þ.a.l. kunna skil á reglum um skiptisvæðið og um töku leikhlés.

Pingskjali nr. 45-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefnd lagði til óbreytta samþykkt.

Pingskjal nr. 45-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 46-00**

Tillaga um Reglugerð um dómara nefnd, handboltadómara og HDSÍ
Flutningsaðili: HDSÍ

11.3.6. Störf þingsins eru:

1. þingsetning
2. kosning þingforseta og varaþingforseta
3. kosning þingritara og varaþingritara
4. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
5. lagðir fram endurskoðaðir reikningar HDSÍ
6. lögð fram mál sem borist hafa og þau mál önnur er þingmeirihluti leyfir
7. umræður um lið 6. og atkvæðagreiðsla þar sem við á
8. kosning formanns til eins árs
9. kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára
10. kosning 2ja endurskoðenda og 2ja til vara
11. önnur mál
12. þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafn mörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu.

Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Við atkvæðagreiðslur ræður einfaldur meirihluti úrslitum. Fái tillögur jafn mörg atkvæði með og á móti, ná þær ekki fram að ganga.

Verður:

11.3.6. Störf þingsins eru:

1. þingsetning
2. kosning þingforseta og varaþingforseta
3. kosning þingritara og varaþingritara
4. lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar
- 5. lagðir fram skoðaðir reikningar HDSÍ**
6. lögð fram mál sem borist hafa og þau mál önnur er þingmeirihluti leyfir
7. umræður um lið 6. og atkvæðagreiðsla þar sem við á
8. kosning formanns til eins árs
9. kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára
- 10. kosning 2ja skoðunarmanna og 2ja til vara**
11. önnur mál
12. þingslit.

Greinargerð: Verið að breyta í samræmi við lög um endurskoðun.

Þingskjali nr. 46-00 var vísað til Allsherjarnefndar.

Nefndin lagði til óbreytta samþykkt.

Þingskjal nr. 46-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 47-00**

Tillaga um Reglugerð um fræðslu- og útbreiðslunefnd
Flutningsaðili: HSI

12.4. Verkefni fræðslu- og útbreiðslunefndar eru sem hér segir:

A. Að skipuleggja og standa fyrir námskeiðum fyrir þjálfara og leiðbeinendur.

Nefndin skal skipuleggja minnst eitt námskeið árlega á hverju stigi og boða með góðum fyrirvara.

Á E stigs námskeið, fyrir landsliðsþjálfara, skulu fengnir erlendir leiðbeinendur ásamt íslenskum leiðbeinendum.

Aðalþjálfarar A-landsliða skulu vera nefndinni til aðstoðar við skipulagningu og framkvæmd námskeiðsins.

Þátttakendur skulu greiða námskeiðsgjald.

Námskeiðsstigin skulu vera :

A-stig Grunnnámskeið

B-stig Framhaldsnámskeið fyrir þjálfara yngri flokka

C-stig Námskeið fyrir þjálfara meistaraflokka

D-stig Framhaldsnámskeið fyrir þjálfara meistaraflokka

E-stig Sérfræðinámskeið fyrir landsliðsþjálfara

Verður:

12.4. Verkefni fræðslu- og útbreiðslunefndar eru sem hér segir:

A.

Að standa fyrir námskeiðum fyrir þjálfara. Fræðslunefndin mun standa fyrir tveimur námskeiðum ár hvert, fyrstu helgi í september og fyrstu helgi í febrúar. Minnst sex mánuðir þurfa að líða á milli námskeiða í flokki 1. og 2. Þjálfarar sem ráðnir eru til þjálfarastarfa, sér í lagi í efstu deildum, skulu hafa fullnægjandi þjálfaramenntun. Þjálfurum sem ekki uppfylla þau skilyrði, skal gefa eins árs aðlögun, gegn því að þeir sæki sér menntunar. Á námskeiðum greiða þátttakendur námskeiðsgjald. Almenni hlutinn mun ÍSÍ sjá um ásamt menntastofnunum. Sérgreinahlutinn verður á vegum fræðslunefndar HSÍ.

Þjálfarastig:

Réttindi:

- | | |
|--|---|
| 1. A Almennur hluti 20 kennslustundir
Sérgreinahluti 20 kennslustundir. | Aðstoðarmaður eða leiðbeinandi hjá yngstu flokkum. |
| 1.B. Almennur hluti 20 kennslustundir.
Sérgreina hluti 20 kennslustundir. | Þjálfari hjá 12 ára og yngri undir umsjón yfirþjálfara. |
| 1.C Almennur hluti 20 kennslustundir.
Sérgreinahluti 20 kennslustundir. | Þjálfari hjá 12 ára og yngri.
Skriflegt próf. |
| 2.A Almennur hluti 20 kennslustundir.
Sérgreinahluti 20 kennslustundir. | Þjálfari 14. ára og yngri. |
| 2.B Sérgreinahluti 40 kennslustundir. | Þjálfari 16 ára og yngri. |
| 2.C Almennur hluti 20 kennslustundir.
Sérgreinahluti 20 kennslustundir. | Þjálfari elstu unglunga og fullorðina.
Verkefni, próf og mætingarskylda. |
| 3.ABC Almennur hluti 40 kennslust.
Sérgreinahluti 80 kennslustundir. | Afreksþjálfun. Yfirþjálfari félags. |
| 4. 180 – 220 klst. Háskólanám/erlent nám. | |
| 5. 140 – 180 klst. Háskólanám /erlent nám. | |

Þjálfarar A landsliða karla og kvenna skulu vera fræðslunefndinni til aðstoðar við framkvæmd námskeiða sem og annari útbreiðslu á handknattleiksíþróttini á Íslandi.

Greinargerð: Verið að breyta reglugerð í það sem á við í dag.

Þingskjali nr. 47-00 var vísað til Laganefndar.

Nefndin lagði til óbreytta samþykkt.

Pingskjal nr. 47-00 var samþykkt samhljóða.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Pingskjal nr: 48-00**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.3. Töfluröð

2.3.1. Í deildarkeppni m.fl. og riðlakeppni annarra flokka skal númera lið innan riðils/deildar og loks keppa eftir töflum þeim, sem hér fylgja:

Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, en síðan keppa sigurvegarar hinna einstöku riðla til úrslita á sama hátt.

Verður:

2.3. Töfluröð

2.3.1. Í deildarkeppni m.fl. **karla** og riðlakeppni annarra flokka skal númera lið innan riðils/deildar og loks keppa eftir töflum þeim, sem hér fylgja:

Undantekning er þó meistaraflokkur kvenna en þar ekki töfludregið.

Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, en síðan keppa sigurvegarar hinna einstöku riðla til úrslita á sama hátt.

Greinargerð: Með því að taka í burtu töfludrátt hjá efstu deild kvenna verður auðveldara að raða heimaleikjum þannig að hægt sé að leika meistaraflokks leiki á sama degi, í sama húsi.

Þingskjali nr. 48-00 var vísað til Laganefndar.



**48. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni í
Laugardal
12.mars 2005
Þingskjal nr: 48-01**

Tillaga um Reglugerð um Íslandsmót
Flutningsaðili: HSÍ

2.3. Töfluröð

2.3.1. Í deildarkeppni m.fl. og riðlakeppni annarra flokka skal númera lið innan riðils/deildar og loks keppa eftir töflum þeim, sem hér fylgja:

Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, en síðan keppa sigurvegarar hinna einstöku riðla til úrslita á sama hátt.

Verður:

2.3. Töfluröð

2.3.1. Í deildarkeppni m.fl. **kvenna** og riðlakeppni annarra flokka skal númera lið innan riðils/deildar og loks keppa eftir töflum þeim, sem hér fylgja:

Töfludráttur kvenna gildir fyrir þau lið sem hafa bæði karla og kvennalið. Að loknum töfludrætti er mótanefnd heimilt að handraða þeim liðum upp sem hafa ekki númer.

Í hverjum riðli keppir einn við alla og allir við einn, en síðan keppa sigurvegarar hinna einstöku riðla til úrslita á sama hátt.

Greinargerð: Með því að taka í burtu töfludrátt hjá efstu deild kvenna verður auðveldara að raða heimaleikjum þannig að hægt sé að leika meistaraflokks leiki á sama degi, í sama húsi.

Þingskjal nr. 48-01 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Ákvörðun þáttökugjalda í Íslands- og Bikarmótum næsta keppnistímabil

Lagt er til að þáttökugjöld fyrir næsta keppnistímabil verði óbreytt.

Þingforseti bar tillöguna upp til atkvæða, um að þáttökugjöld fyrir næsta keppnistímabil verði óbreytt.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

14. Önnur mál

Nú var orðið gefið laust.

Örn Magnússon hjá FH tók fyrstur til máls.

Örn lýsti yfir vonbrigðum sínum og óánægju með títt brotthvarf af þinginu. Hann vakti einnig máls á umgjörð leikja, honum kom á óvart hve lítil umgjörðin er. Hann vildi meina að hluti af neikvæðri umfjöllun um starf handboltafélaga stafaði af því hvernig félögin sjálfu héldu á sínum málum.

Örn talaði einnig til varnar Aganefnd, að hún vinnur samkvæmd okkar samþykkt. Við verðum að taka til í okkar eigin garði. Kominn sé tími á að félögin fari að stýra sér sjálf. Hætt er við niðurrifi með neikvæðri umfjöllun, því á því þrífast fjölmiðlarnir. Við þyrftum að byrja innanfrá, með þeim hætti einum fáum við breytt viðhorfi fjölmiðla til okkar.

Örn lagði einnig til að allir temdu sér meiri kurteisi. Fólki væri farið af ofbjóða dónaskapur gagnvart dómurum, gestaliði og fleirum. Leikmenn og þjálfarar ættu að lækka í launum fyrir vonda framkomu.

Einnig væri tómlæti fjölmiðla gagnvart handboltaleikjum grátlegt. Sáralítið sé um að blaðamenn mæti á leikina. Þeir láta sér yfirleitt nægja að fá dómara til að faxa leikskýrslu til sín. Neikvæð umfjöllun fjölmiðla sem handboltaleiki spretta helst upp af dómarskýrslunum einum.

Til að auka hróður handboltans í fjölmiðlum þyrftum við þá að hysja uppum okkur, byrja innanfrá og fá svo blaðamenn til að fjölga komum sínum á leikina.

Pétur Sigurðsson, Selfossi, tók þá til máls.

Pétur sagði ræðu Arnar næstum talaða frá sínu eigin hjarta. Pétur nefndi einnig bagalegan hávaðann í húsunum fyrir leikinn. Þegar dómara stoppa tímanna er oft sett hávær músík í botn. Þetta sé meðal þess sem stafi af neikvæðni og sé niðurlægjandi fyrir handboltafólk. Notkun klísters í húsum hefur ennfremur valdið mjög neikvæðri umfjöllun t.d. íþróttakennara. Víða hefur handboltaleikmönnum verið bannaður aðgangur að íþróttahúsum vegna þess sóðaskapar sem stafar af klístrinu. Einnig væri umgangur fyrir neðan allar hellur. Oft væri klístri klínt á vegg, leikmenn hræktu og snýttu sér útum allt.

Einnig tók Pétur undir með Erni varðandi það, að í blöðunum birtust gjarnan greinar um einstaka leiki sem ekki eru sannar, heldur hrálega teknar út frá leikskýrslum. Það gerist varla að blaðamenn mæti á leiki, t.d. varla nokkurn tímann á Selfossi.

Annað vandamál væri svo það, að íþóttahús byggð úti á landi ná mörg hver ekki handboltastærð né fullgildri aðstöðu til handboltaiðkunar. Víða á landsbyggðinni þarf að stofna til átaks til að ná útbreiðslu handbolta.

Bergþóra Sigmundsdóttir, Stjörnunni, lagði þá orð í belg.

Bergþóra minntist á stúlkurnar í Evrópukeppninni. Það mál ýtti undir hugmyndir sem Bergþóra hafði haft, um það hvað þyrfti til að ná mjög jákvæðri fjölmiðlaumfjöllun; samstarf við skólana (sem væri ekki fjárhagslegt heldur bara félagslegt) og góður andi. Í Evrópukeppninni hélt hver skóli með hverju liði. Garðbæingar mættu til að mynda mjög vel. Fjölmiðlarnir tóku mjög góðan þátt og allir voru ánægðir í bænum. Bergþóra lagði því til aðra umræðu um umgjörðina svo fjölmiðlar yrðu loks jákvæðari í garð handboltans.

Magnús Guðmundsson, Víkingi, fékk þá orðið.

Magnús svaraði Erni, sagði að ástæða fyrir brotthvarfi þingmeðlima af þingi væri vegna leikja sem nú væru í gangi. Hann spurði þingliða hvers vegna í ósköpunum haldið væri ársþing á leikjadögum? Að öðrum kosti tæki Magnús hjartanlega undir með Erni og Pétri. Hann lauk máli sínu með því að óska Stjörnunni innilega til hamingju með sinn árangur.

Einar Þorvarðarson tók þá til máls.

Einar spurði hvernig komast mætti að niðurstöðu án blokkamyndana. Núna eru starfsmenn að fara að skipuleggja 9 landsleiki um páskana og vinnumhverfið er mjög þétt. Þess vegna varð að halda ársþingið á leikjadegi.

Mannekle er eitt vandamál sambandsins. Vitaskuld hefði verið óskandi að framvinda þings gengi hraðar fyrir sig, en manneklan tefur framvinduna. Þó er umræðan mjög góð! Einar tók svo undir með Erni varðandi framkomu leikmanna og fálæti almennings gagnvart leikjum. Hinn almenni handboltaáhugamaður sést varla í húsunum í dag. Enginn kemur lengur bara til að horfa á handboltaleik, og það er verulega umhugsunarvert. Nauðsyn er á að gera umgjörð leikja vinveittari og manneskjulegri til

að leikirnir fái aftur eitthvert aðdráttarafl og reki hinn almenna handboltaáhugamann á leiki. Einnig er mikil þörf á að sambandið fari á skólamót, kynni deildirnar og æfingatíma fyrir liðum/bæjarfélögum. Einar lagði áherslu á skólamót hjá þeim í flokki 10 og 11 ára. Einnig þyrfti að kynna félögin betur út á við og byrja í skólunum.

Einar lauk máli sínu með því að þakka fyrir gott þing. “Tölum sama málinu!” Við verðum að vera samstíga í þesum breytingum, því okkur veitir ekki af að standa saman.

Hákon Sigurjónsson, formaður Dómaranefndar HSÍ, steig þá fram.

Hákon nefndi 4 stutt atriði. Hann tók undir orð Arnar og sagði þau orð í tíma töluð. Hann nefndi dæmi, er dómaraskýrsla hvarf í 45 mínútur og faxtækið undirlagt, til að sendast vítt og breitt til fjölmiðla... Fjölmiðlar hafa hins vegar lofað yfirlit og gefið fyrirheit um betri mætingu. Hákon sagði að lokum að stundum ætti handboltinn lítið skylt við íþrótt, nær væri að tala um slagsmál!

Einar Þorsteinsson, Hetti, tók þá til máls.

Einar sagði lélega þátttöku blaðamanna stafa af harðri samkeppni við aðrar tómsundir og afþreyingu. Það vanti tilfinnanlega drifkraftinn til að efla handboltann og auka hróður hans. Til þess þyrftum við að líta í eigin barm, fá í framhaldi fólk til að vinna með okkur. Í fótboltanum væru til að mynda reglulega haldnir veglegir blaðamannafundir. Það sé skemmtileg kynningarstarf og vert að taka sér til fyrirmyndar.

15. Kosning stjórnar

Varaþingforseti, Hákon Sigurjónsson, formaður Dómaranefndar HSÍ, stýrði fundi um stund.

Varaþingforseti bar upp fjórskipta tillögu um stjórn; formann, varaformann, ritari og gjaldkeri. Tillaga um skipan embætta var eftirfarandi:

Tillaga formanns:	Guðmundur Ágúst Ingvarsson.
Varaformaður:	Sigurjón Pétursson.
Ritari:	Pálmi Matthíasson.
Gjaldkeri:	Ásgerður Halldórsdóttir.

3 í varastjórn:

Erlingur Kristjánsson
Guðmundur P. Davíðsson
Þorbjörg Gunnarsdóttir

Tillögur um þjá meðstjórnendur:
Friðrik Friðriksson

Kjartan Steinbach
Pórbergur Aðalsteinsson

Allar tillögur voru samþykktar án mótframboða.

16. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara

Tillaga um tvo aðalmenn:

Guðmundur Frímannsson og Jón Gestur Viggósson

Tillaga um tvo varamenn:

Pálmi Kristinsson og Soffía Ragnarsdóttir

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

17. Kosning sex manna í Dómstól HSÍ

Þingforseti tók aftur við stjórn fundar og bar fram tillögu um eftirtalda sex aðila í Dómstól HSÍ:

Bergþóra Sigmundsdóttir
Jóhannes Albert Sævarsson
Sigurður Smári Hilmarsson

Í varastjórn:

Ágúst Sindri Karlsson
Guðmundur B. Ólafsson
Vala Valtýsdóttir

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

18. Kosning sex manna í Áfrýjunardómstól HSÍ

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda aðila í Áfrýjunardómstól HSÍ:

Gunnar Jónsson
Helgi I. Jónsson
Þorgeir Ingi Njálsson

Í varastjórn:
Benedikt Bogason
Guðjón Marteinson
Þorsteinn Einarsson

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

19. Kosning þriggja manna í Laganefnd HSÍ

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda aðila í Laganefnd HSÍ:

Bergþóra Sigmundsdóttir
Vala Valtýsdóttir
Hákon Sigurjónsson

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

20. Kosning eins manns í heiðursmerkjanefnd HSÍ

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda í heiðursmerkjanefnd HSÍ:

Helga H. Magnúsdóttir

Tillaga var samþykkt samhljóða.

21. Kosning þriggja manna í Félagaskiptanefnd HSÍ

Búið er að leggja lið 21. niður.

22. Kosning tveggja manna í Dómaragjaldanefnd

Þingforseti bar fram tillögu um eftirtalda í Dómaragjaldanefnd HSÍ:

Örn Magnússon
Þorgeir Haraldsson

Tillögur voru samþykktar samhljóða.

23. Kosning fulltrúa á Íþróttabing

Þingforseti segir að verði eitt ársþing fyrir næsta fulltrúaþing, það hefur því ekkert uppá sig að kjósa um það núna....

24.Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir góða fundarsetu. Hann segir þingið hafa gengið snurðulaust fyrir sig og að feykilega gott starf hafi verið unnið. Hann óskar öllum nær- og fjarstöddum góðs gengis.

Nýkjörinn stjórnarformaður þakkaði fyrir gott pappírþing... Sérstaklega þakkar hann Erni Magnússyni fyrir orð í tíma töluð og Kjartani fyrir rösklega framkomu og stjórnun.

Fundi formlega slitið.